



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Skólaföt



FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
17. ágúst 2011
190. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10
ÁRA
2001 - 2011

Munu leita til félagsdóms

Verkfallsvörslu verður sinnt af fullum krafti í boðuðu verkfalli segir formaður Félags leikskólakennara. Formaður SÍS telur það álitamál hvort stjórnendum leikskóla beri að sinna deildum sem lokist í verkfalli.

KJARAMÁL Félag leikskólakennara mun leita til félagsdóms ef ekki kemst á hreint hversu langt leikskólástjórar mega ganga til að halda leikskólum opnum í boðuðu verkfalli leikskólakennara, sem hefst að óbreyttu á mánudag.

Haraldur Freyr Gíslason, formaður félagsins, segir umræðuna um það hvort leikskólástjórnendum og ófaglærðu starfsfólki sé heimilt að manna stöður kennara í verkfalli eingöngu styrkja bakland leikskólakennara.

„Ef verkfallsreglur verða brotnar munum við sinna verkfallsvörslu af fullum krafti. Og ef lagaleg túlkun verður áfram mismunandi, ef ekki mun liggja fyrir nein dómsniðurstaða eða lög sem

taka á þessu, verður bara að láta á það reyna fyrir félagsdómi.“

„Ég fæ ekki séð hvernig hægt er að halda deildum opnum nema með því að hvetja til verkfallsbrota, sem almennt er ekki talinn góður stjórnunarháttur,“ segir Erna Guðmundsdóttir, lögmaður Félags leikskólakennara.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS), segir það lagalegt álitamál hvort stjórnendum leikskóla beri að sinna þeim deildum sem muni lokast í verkfallinu.

„Við efumst ekki um að okkar álit sé rétt. En það eru auðvitað virtir aðilar hinum megin, þannig að klárlega er þetta álitamál,“ segir hann.

„Ég fæ ekki séð hvernig hægt er að halda deildum opnum nema með því að hvetja til verkfallsbrota.“

HARALDUR FREYR GÍSLASON
FORMAÐUR FÉLAGS LEIKSKÓLAKENNARA

Leikskólakennarar krefjast ellefu prósent launaleiðréttingar til viðbótar við sambærilegar hækkanir og aðrir launamenn hafa samið um. Ekkert hefur þokast í kjaraviðræðum síðustu daga.

Reykjavíkurborg greiðir nú leikskólakennurum umfram það sem kveður á um í kjarasamningi.

Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar, segir það svíða ef til verkfalls komi, meðal annars í ljósi þeirra aðgerða borgarinnar til að koma til móts við leikskólakennara.

„Síðastliðinn vetur lögðum við allt í sölurnar til að verja þessi kjör, meðal annars með sameiningum í yfirstjórn, niðurlagningu heimgreiðslna og fleiri hagræðingaradgerðum,“ segir Oddný.

„Við erum ánægð með að hafa getað varið kjör leikskólustarfsfólks en auðvitað svíður öllum að hugsanlegt verkfall bitni á leikskólabörnum, fjölskyldum þeirra og leikskólastarfi í landinu.“

- sv / sjá síðu 4



Á uppleið

Ása Helga Hjörleifsdóttir lærir kvikmyndagerð í New York og er komin með umboðsmann.

fólk 30

Hannar glerlíffæri

Sigga Heimis vekur fólk til umhugsunar um líffæragjafir.

tímamót 16



Skagamenn upp

ÍÁ tryggði sér í gær sæti í Pepsi-deild karla eftir þriggja ára fjarveru.

sport 27

veðrið í dag



BLAUTT A-TIL Í dag má búast við fremur hægum vindi víðast hvar en 8-13 m/s á annesjum SV- og A-til. Rigning eða súld austantil, einkum fyrri part dags, og horfur á skúrum síðdegis í innsveitum sunnanlands.

VEÐUR 4



LOKASPRETTURINN Hlauparar sjást nú víða á höfuðborgarsvæðinu en þeir eru margir í óðaönn við að undirbúa sig fyrir Reykjavíkurmaraþonið sem fer fram í 28. skipti á laugardag. Forskráningu í hlaupið lýkur klukkan 16 í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Leiðtogar kynna tillögur Frakka og Þjóðverja um framtíð myntbandalags Evrópu: Segjast munu verja evrusvæðið

PARÍS, AP Leiðtogar Frakklands og Þýskalands hétu því í gær að standa vörð um evrusvæðið í skugga skuldavanda og stöðnunar í hagvexti.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, og Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti kynntu í gær tillögur til að auka trú á evrusvæðið. Tillögurnar lutu meðal annars að sameiginlegri hagstjórn myntbandalagsins.

Leiðtogar evrulandanna munu samkvæmt þessu mynda sameiginlegt yfirvald sem hittist tvisvar á ári. Þá kölluðu Merkel og Sarkozy eftir því að evruríkin settu öll ákvæði í stjórnarskrár sínar sem kvæði á að fjárlög megi ekki afgreiða með halla.

Þau tóku einnig fyrir það að efla neyðarsjóð evrusvæðisins. Þeir 440 milljarðar evra sem nú eru í sjóðnum nægðu til að bregðast við

hugsanlegum áföllum sem gætu dunið yfir í nánustu framtíð.

Blendnar móttökur voru á mörkuðum heimsins þar sem Dow Jones vísitalan féll, sem og helstu vísitölur í Evrópu, auk þess sem gengi evru gegn Bandaríkjadal féll.

Óvíst er hvernig hin aðildarríkin fimmtán munu taka þessum tillögum, en þær fela í sér nokkurt afsal á völdum varðandi ríkisfjármálum.

- þj / sjá síðu 10

SPORT 2
enski boltinn stærri en allt tryggðu þér áskrift

STÓR BÆKLINGUR FYLGIR BLAÐINU Í DAG
ALLTAF BETRA VERD SEX VERSLANIR
TÖLVULISTINN TL.IS
REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGLIÐSTADIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRDUR

Skólabóka- markaður
15 - 25% afsláttur
Opið 10 - 16 um helgina
IÐNÚ
Brautarholti 8




MENIGA



ÍSLENSKA SÍÐLEIÐI ARI 13747 08/11



Meniga heimilisbókhald

Arion banki býður
 nú viðskiptavinum
 sínum ókeypis
 aðgang að Meniga
 heimilisbókhaldi.

„Að geta gert meira af
 því sem manngangur til,
 með því að sleppa því
 sem skiptir minna máli.“

Breki Karlsson,
 forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi

Hvað **skiptir** þig máli?



Þú tengist Meniga í Netbanka Arion banka
 arionbanki.is — 444 7000

 Arion banki



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Þú ert stjórnandinn

Regnbogakort er hagkvæmasta leiðin til að setja saman eigin tónleikaröð fyrir veturinn og tryggja sér gott sæti. Áskriftin veitir 20% afslátt af almennu miðaverði og 50% afslátt fyrir 25 ára og yngri á verðsvæði 2 og 3. Kynntu þér fjölbreytta efnisskrá á www.sinfonia.is.

Sala áskrifta er í miðasölu Hörpu.



Almenn miðasala hefst **23. ágúst.**

Forsala á upphafstónleika starfsársins með

Ashkenazy og Víkingi Heiðari hefst **18. ágúst.**

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA
GAM Management hf

KJÖRKASSINN



Styður þú aðgerðir leikskólakennara í kjarabaráttu sinni?

Já 79,7%
Nei 20,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Byrð þú í leiguhúsnæði?

Segðu þína skoðun á vísir.is



Búist er við meira en hundrað þúsund gestum á Menningarnótt í miðborginni næstkomandi laugardag:
Hátt í hundrað lögreglumenn verða á vakt

MENNING Búist er við miklum fjölda í miðborg Reykjavíkur á Menningarnótt, næstkomandi laugardag. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu mun auka lög-gæslu til muna og segir Stefán Eiríksson lögreglustjóri að fjöldi lögreglumanna á vakt muni líklega nálgast hundrað.

„Þetta er eina nóttin sem byrjar að morgni og stendur út nóttina. Undanfarin ár hafa nálægt hundrað lögreglumenn staðið vaktina og þetta verður svipað í ár,“ segir Stefán.

Ókeypis verður í strætó allan daginn og er fólk hvatt til þess að nýta sér þann kost eða tvo jafnfljóta. Stefán segir að lögreglan muni ekki hika við að vera með sektablokkina á lofti ef ökumenn kjósi að leggja bílun sínum ólöglega. Miðborgin verður meira og minna lokuð fyrir bílaumferð allan laugardaginn.

Kostnaður Höfuðborgarstofu, sem stendur að hátíðinni, er fimm milljónir króna, líkt og á síðasta ári. Landsbankinn styrkir hátíðina um 2,5 milljónir og Vodafone kostar flugeldasýninguna, sem mun kosta á bilinu 2,5 til 2,8 milljónir króna. Sif Gunnarsdóttir, forstöðumaður



SIF GUNNARSDÓTTIR Forstöðumaður Höfuðborgarstofu segir marga og ólíka kostnaðarlíði liggja að baki Menningarnótt, en kostnaður borgarinnar er fimm milljónir króna.

Höfuðborgarstofu, segir þennan kostnað einungis taka beint til viðburða og skipulagningar.

„Ekkert af þessum peningum er að fara í skrifstofukostnað eða annað slíkt. Það kostar líka að loka götum og hreinsa borgina eftir Menningarnótt,“ segir Sif.

„En það erum auðvitað ekki við á Höfuðborgarstofu sem erum að búa til þessa hátíð. Það eru þeir mörg þúsund manns sem eru að framkvæma þessa 350 viðburði. Þetta er ótrúleg hátíð. Á hverju ári verður til einhvers konar galdur og ég verð alltaf jafn hissa.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýir eigendur óskast!

Kynntu þér úrval notaðra bíla á www.askja.is



Honda CR-V árg. 2009, ekinn 45 þús. km 1997cc, bensín, sjálfsk.

- Panorama glerþak
Leðuráklæði
4x4

Verð kr. 4.690.000



Kia Carens EX Luxury árg. 2007, ekinn 110 þús. km 2000cc, dísel, sjálfsk.

- Sóllúga
Leðuráklæði
7 sæta, DVD

Verð kr. 1.890.000



Volkswagen Passat Highline árg. 2005, ekinn 113 þús. km 2000cc, bensín, sjálfsk.

- 17" álfelgur
Leðuráklæði
Sóllúga

Verð kr. 2.190.000



Kia Sorento Ex Luxury árg. 2006, ekinn 78 þús. km 2497cc, dísel, sjálfsk.

- 17" álfelgur
Leðuráklæði
4x4, loftkæling, 3,5 t. dráttargeta

Verð kr. 3.690.000



Kia Sorento Ex Luxury árg. 2011, ekinn 8 þús. km 2200cc, dísel, sjálfsk.

- Lítið ekinn reynsluakstursbíl
17" álfelgur
4x4, leðuráklæði, 7 sæta

Verð kr. 6.890.000



Mercedes-Benz C-Class árg. 2005, ekinn 101 þús. km 1796cc, bensín, sjálfsk.

- 17" álfelgur
Samlitur
Skyggðar rúður

Verð kr. 2.590.000



Mercedes-Benz E CDI 4MATIC árg. 2006, ekinn 267 þús. km 3000cc, dísel, sjálfsk.

- Leðurinnrétting
17" álfelgur
Sportfjórðun

Verð nú: kr. 3.890.000

TILBOÐSBÍLL! Áður 4.800.000

Opíð virka daga frá kl. 9-18



Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík Sími 590 2100 · askja.is

Fjögur ráðuneyti skoða tolla á kjöti

Landbúnaðarráðherra telur ekki vera kjötskort í landinu. Segir hagsmuni neytenda felast í ódýrum og góðum landbúnaðarvörum. Standa verði vörð um innlenda framleiðslu. Starfshópur bregst við álitum umboðsmanns um tollamál.

NEYTENDUR Starfshópur fjögurra ráðuneyta mun bregðast við úrskurði umboðsmanns Alþingis þess efnis að meinbugir séu á tollalögum og þau stangist á við stjórnarskrá. Málið snýr að heimildum ráðherra til ákvörðunar um álagningu tolla á landbúnaðarvörur.

Málið hefur verið á borði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins síðan úrskurðurinn féll, 21. júlí, en það var einnig sent Alþingi og fjármálaráðuneytinu, þar sem umsjón tollamála er þar. Auk þessara ráðuneyta verður fulltrúi utanríkisráðuneytisins í hópnum og einnig forsætisráðuneytisins.

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, segir það stórmál ef Alþingi hafi samþykkt lög sem ekki standist stjórnarskrá, en það verði nú skoðað. Lög in voru sett árið 2005.

Verslunareigendur hafa kvartað undan kjötskort, en Jón segist ekki hafa fengið það staðfest að slíkt sé á rökum reist.

„Ég tek þá umræðu alvarlega ef ekki er til nægt lambkjöt á markaðnum. Mér hefur hins vegar verið tjáð af sláturleyfishöfum að það sé til nægt kjöt til að svara eftirspurn þar til slátrun hefst. Mér hefur einnig verið tjáð að slátrun hefjist nú á fimmtudag [á morgun] og síðan verður áframhaldandi slátrun fram á haust þannig að þá ætti að vera nægjanlegt kjöt á markaði og umræðan um þetta að hverfa.“

Borið hefur á skorti á öðru kjöti en lambkjöti, en Jón segir að hann hafi ekki fengið það staðfest heldur. „Það er jú sérstök nefnd sem fer yfir þau mál og Samtök verslunar og þjónustu eiga fulltrúa þar,“ segir Jón.



RÁÐHERRA Jón telur að nægt framboð sé á markaði af kjöti. Ekki sé lambkjötskortur og slátrun hefjist á morgun. Því sé framboðið tryggt.



Mér hefur verið tjáð að það sé nægilegt framboð á kjúklingakjöti á markaðnum.

JÓN BJARNASON SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA

Nefndin fari yfir stöðuna hvað varðar innflutning á tilteknum kjötvörum og bendir Jón á að töluverður innflutningur sé í gangi. Málið verði hins vegar skoðað. „Mér hefur verið tjáð að það sé nægilegt framboð á kjúklingakjöti á markaðnum.“

Spurður hvort staðan kalli á endurskoðun á landbúnaðarkerfinu segir Jón það allt aðra umræðu. Komi upp sú staða að kjöt vanti á markað sé brugðist við því. „Mér hefur verið tjáð að þetta sé í góðu lagi, enda leyfður töluverður innflutningur á kjöttegundum sem talið er að vanti.“

Pólitísk sátt

Jón telur hagsmunum neytenda ekki best borgið með afnámi tolla á innfluttar landbúnaðarvörur, eins og Neytendasamtökin hafa lagt til.

„Ég tel að hagsmunir neytenda séu þeir mestir að hafa hér bæði ódýr og góðar landbúnaðarvörur á markaðnum. Til þess þurfum við þá líka að standa vörð um þessa framleiðslu hérlandis,“ segir Jón.

„Það hefur verið pólitísk sátt um það mörg undanfarin ár og ég fylgi bara þeirri pólitísku ákvörðun sem tekin hefur verið í þeim efnum.“

Eins og Fréttablaðið greindi frá á laugardag hafa Samtök verslunar og þjónustu kært það til umboðsmanns Alþingis að ekki hafi verið gefinn út innflutningskvóti á lambkjöt. kolbeinn@frettabladid.is

Mótmælaalda í Indlandi eftir handtöku baráttumanns gegn spillingu:

Hungurverkfallið heldur áfram

NÝJA DELHI, AP Indverska baráttumanninum Anna Hazare var sleppt úr haldi í gær eftir að hafa verið settur í varðhald vegna fyrirhugaðs hungurverkfalls til að þrýsta á um harðari lög gegn spillingu, sem er landlæg í Indlandi.

Hazare, sem er 74 ára, neitaði hins vegar að yfirgefa fangelsið nema hann fengi að halda sínu striki í mótmælunum.

Þúsundir stuðningsmanna hans þustu út á göturnar og boðuðu byltingu gegn spillingsáörðum.

Yfirvöld gáfu þá skýringu á handtökunni að mótmælendur hefðu ekki viljað fara að tilmælum lögreglu varðandi tímamörk.

Hazare hefur lengi verið með ötulustu baráttumönnum gegn spillingu á Indlandi og var einn af hvatamönnum löggjafar gegn spillingu í vor. Hann er nú að kalla eftir hertari lögum.

Mótmælendur og stjórnarandstaða segja að laus Hazares úr haldi sýni að stjórnvöld hafi tapað baráttunni.

Stjórnvöld vilja hins vegar meina að þau vilji



BARIST GEGN SPILLINGU Almennir þustu út á götur í gær til að mótmæla handtöku Anna Hazare. Honum var sleppt úr haldi skömmu síðar.

aðeins tryggja friðinn. Hazare sé í pólitík og ætti að vinna að málum sínum eftir hefðbundnum boðleiðum í stað þess að svelta sig.



Svona kemst þú 100 km á 3,8 l og losar aðeins 99 g af CO₂ Láttu sparnaðinn koma í ljós

Nýr og flottur Volkswagen Polo hjálpar þér að spara og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Við 100 km akstur losar Polo 1.2 TDI aðeins frá 99 grömmum af CO₂ og eyðir aðeins 3,8 lítrum af eldsneyti. Komdu og prófaðu nýjan, stærri, betur búinn Polo. Betri fyrir þig og betri fyrir umhverfið.

**Polo* kostar aðeins frá
2.390.000 kr.**



Das Auto.



Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

* Miðað við Volkswagen Polo 1.2 bensín
Aukabúnaður á mynd: 18" álfelgur og lítaðar rúður

VEISTU SVARID?



1. Hvar leitar joppinn Opportunity að vatni þessa dagana?
2. Hvað heitir borgarstjórnin í Berlín?
3. Hver leikur aðahlutverknið í bandarísku sjónvarpsþáttinum Game of Thrones?

SVÖR
Mogvelt: 3, Sean Bean, Klaus, 1. líga á pláttunni Mars, 2. Klaus

8

Formaður Húseigendafélagsins segir óvíst hvaða áhrif innreið Íbúðalánasjóðs á leigumarkaðinn muni hafa: Varar við „tröllasögum“ um okurleigu

FASTEIGNAMARKAÐUR Óvíst er hvers konar áhrif fyrirhuguð innreið Íbúðalánasjóðs mun hafa á leigumarkaðinn á höfuðborgarsvæðinu. Þetta segir Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins. Hann bætir því við að sögusagnir um háa leigu skaði markaðinn.

Fram hefur komið í fjölmiðlum að Íbúðalánasjóður hyggist setja á annað hundrad íbúðir í leigu á næstu tólf mánuðum.

Húseigendafélagið fer með hagsmunum leigusala, en Sigurður varar við „tröllasögum“ um háa húsa-



SIGURÐUR HELGI GUÐJÓNSSON

leigu sem geti haft neikvæð áhrif á markaðinn.

„Við munum biða og sjá hver áhrifin verða. Hins vegar er vont að láta tröllasögur af einstökum dæmum stýra markaðnum og valda titringi.“

Sigurður segir markaðinn vera viðkvæman fyrir þess konar umræðu.

„Ein frétt um okurleigu getur orðið til þess að hækka leigu hjá fjölda fólks. Það má því ekki alháfa út frá einstökum dæmum því að um nútíu prósent af öllum íbúðum eru í langtímaleigu á föstu gjaldi.“

Sigurður segir það einnig gleytast í umræðunni að í raun hafi leiga ekki hækkað mikið hér á landi eftir hrun, fyrr en nú á allra síðustu mánuðum.

„Svo hefur kostnaðurinn við að reka húsnæði líka rokið upp á sama tímabili, þar sem skattur af leigutekjum hefur hækkað



VIÐKVÆMUR LEIGUMARKAÐUR Formaður Húseigendafélagsins segir sögur af einstökum dæmum um okurleigu geta valdið titringi á leigumarkaði.

úr fimmtán prósentum upp í 25. Þannig er ekki óeðlilegt að leiga hækki að sama skapi.“ - þj

Matsfyrirtækin mögnuðu

Frá því að alþjóðlega fjármálakreppan skall á árið 2008 hafa stóru matsfyrirtækin þrjú, Standard & Poor's (S&P), Moody's og Fitch, verið nokkuð á milli tannanna á fólki og hafa margir gagnrýnt þau fyrir mistök í aðdraganda kreppunnar. Fréttablaðið skoðaði starfsemi fyrirtækjanna og í hverju gagnrýnin er fólgin.

FRÉTTASKÝRING

Hvað gera alþjóðlegu matsfyrirtækin?

Hinn 5. ágúst síðastliðinn lækkaði S&P lánshæfiseinkunn Bandaríkja-anna úr hæsta flokki. Ákvörðun fyrirtækisins vakti hörð viðbrögð bandarískra stjórnvalda og olli miklum titringi á mörkuðum. Í kjölfarið hefur umræða um starfsemi og vald þessara fyrirtækja sem geislað hefur um nokkurra ára skeið farið aftur af stað. En hvað gera matsfyrirtæki?

Sú þjónusta sem matsfyrirtækin inna af hendi er að leggja mat á gæði skuldbréfa, það er, líkurnar á því að útgefandi skuldbréfsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Mat fyrirtækjanna er í raun upplýsingar sem notaðar eru af fjárfestum, útgefendum skuldbréfa, fjármálastofnum, ríkjum og öðrum þátttakendum á markaði. Verðmætin felast í einföldum mælikvarða á lánshæfi sem auðvelt er að nálgast. Að öðru óbreyttu ætti slíkt að auka hagkvæmni á skuldbréfamark-



WALL STREET Þótt árangur matsfyrirtækjanna hafi verið misjafn verða þau líkast til áfram áberandi í fjármálaheiminum meðan þjónusta þeirra er gagnleg fyrir fjárfesta.

aði og stækka mengi mögulegra lánveitenda. Á síðustu misserum hafa hins vaknað efasemdir hjá mörgum um virði þessarar þjónustu.

Innbyggð í fjármálakerfið

Matsfyrirtækin Standard & Poor's, Moody's og Fitch ráða lögum og lofum á markaðnum þótt fleiri matsfyrirtæki séu til. Þessi stóru þrjú fyrirtæki eru öll frá Bandaríkjunum og hafa margir gagnrýnt þá einsleitni. Því hefur verið komið á fót samkeppnisaðilum, til dæmis í Kína og Japan, en þeim hefur orðið lítið ágennt. Þá hafa nokkrir leiðtogar ESB-ríkja lagt til að komið verði á fót evrópsku matsfyrirtæki til höfuðs þeim bandarísku.

Völd matsfyrirtækjanna liggja að stórum hluta í því að þau eru í Bandaríkjunum skilgreind sem „viðurkennd“ matsfyrirtæki. Það gerir það að verkum að fyrirtækin eru í raun innbyggð inn í fjármálakerfið. Einkunnir fyrirtækjanna eru til að mynda notaðar í reglum um eiginfjárhlutfall fjármálastofnana og reglum Seðlabanka Bandaríkja-anna um gæði veða sem bankinn má taka.

Lánshæfiseinkunnirnar eru einnig víða notaðar í samningum milli einkaaðila auk þess sem til dæmis meirihluti lífeyris-sjóða í Bandaríkjunum hefur sett sér reglur um að sjóðirnir megi einungis kaupa skuldbréf úr ákveðnum lánshæfisflokkum samkvæmt stóru þremur fyrirtækjunum.

Af þessum sökum er erfitt fyrir ný fyrirtæki að koma inn á markaðinn og að sama skapi lítil hvati fyrir stóru fyrirtækin til að eiga í mikilli samkeppni sín á milli um gæði þjónustu sinnar.

Það sem verra er þá orsakur þetta einnig að lækkan á lánshæfismati getur haft mjög alvar-

Matsfyrirtækin og Ísland

Íslendingar eru ekki að öllu ókunnir matsfyrirtækjunum, því þau komu nokkuð við sögu í umræðum í aðdraganda Icesave-þjóðaratkvæðagreiðslnanna tveggja. Sú umræða snerist aðallega um þá hættu að matsfyrirtækin lækkuðu lánshæfismat íslenska ríkisins niður í ruslflokk sem myndi hækka lánþökukostnað þess. Svo fór að Fitch lækkaði lánshæfismatið niður í ruslflokk snemma árs 2010 en S&P og Moody's hafa ekki gert það. Þar sem S&P og Moody's eru yfirleitt talin hafa meiri vigt en Fitch er lánshæfismat Íslands því almennt ekki talið í ruslflokki.

leg áhrif á þann aðila sem verður fyrir barðinu á lækkuninni. Til dæmis ef fjöldi lífeyrissjóða þarf skyndilega að losa sig við skuldbréf aðilans með tilheyrandi lækkuðum á verði bréfanna sem orsakur hærri lánþökukostnað. Því getur svartsýn spá matsfyrirtækjanna í raun uppfyllt sig sjálf.

Augljósa lausnin við þessum vanda er að skera á tenginguna milli lánshæfiseinkunnar og alls kyns reglna í fjármálakerfinu. Fjármálastöðugleikaneftnd G20-ríkja, stærstu hagkerfa heims, hefur einmitt stefnt að því. Erfitt hefur hins vegar reynt að finna annars konar og betri mælikvarða til að nota.

Misjafn árangur

Sú gagnrýni sem hefur beinst að matsfyrirtækjunum er þó viðtækari en þegar hefur verið gert grein fyrir. Til að mynda telja margir óeðlilegt að matsfyrirtækin fái borgað frá sömu fyrirtækjum og þeir leggja eiga mat á því fyrirtæki sem gefa út skuldbréf borga matsfyrirtækjunum fyrir þjónustu sína.

Þá þykir mörgum sem fyrirtækin séu einfaldlega léleg í því sem þau gera. Þannig hefur verið bent á að skuldbréf orkurisans Enron voru ekki sett í ruslflokk fyrr en fjórum dögum fyrir hrun fyrirtækisins. Og það þrátt fyrir að vandi fyrirtækisins hefði legið

matsfyrirtækjunum ljós lengi. Alvarlegasta klúður matsfyrirtækjanna er þó án efa hvernig þau gáfu ýmsum skuldbréfavafningum sem reyndust tilfandi tímasprengjur hæstu einkunn í aðdraganda fjármálakreppunnar.

Síðustu misseri hefur gagnrýni á matsfyrirtækin aðallega verið í tengslum við mat þeirra á ríkiskuldbréfum.

Bent hefur verið á að lánshæfismat flestra þeirra ríkja sem alþjóðlega fjármálakreppan hefur leikið hvað verst var mjög hátt í aðdraganda kreppunnar. Matsfyrirtækin virðast því ekki hafa gert nokkurn greinarmun á ríkjum eftir því hve berskjölduð þau voru gagnvart slíkri kreppu. Á móti hefur aftur verið bent á frá því um miðjan 8. áratuginn hefur ekkert ríki hætt greiðslum til kröfuhafa án þess að matsfyrirtækin hafi verið búin að færa lánshæfismatið niður í ruslflokk að minnsta kosti ári fyrr. Það fer því tvennum sögum af árangri fyrirtækjanna í þessu samhengi.

Líklegt er að einhverjar breytingar verði gerðar á umhverfi þessara fyrirtækja á næstu misserum. Þau verða þó líkast til áfram áberandi á fjármálamörkuðum því þótt árangur þeirra hafi verið misjafn er þjónusta þeirra gagnleg mörgum fjárfestum. Meðan svo er verða völd þeirra áfram nokkur.

magnus@frettabladid.is



ÁRTÚNSBREKKAN Umferð til og frá höfuðborgarsvæðinu um síðustu helgi var mun meiri en á sama tíma í fyrra.

Samgöngur um hringveginn:

Bílaumferðin eykst óvænt

SAMGÖNGUR Umferð frá höfuðborgarsvæðinu um hringveginn jókst um tólf prósent um síðustu helgi, miðað við sama tíma í fyrra. Þetta er metakning milli ára, að því er fram kemur á vef Vegagerðarinnar.

Þar segir jafnframt að samdráttur hafi verið flestar helgar í sumar utan tveggja helga þegar aukning mældist fjögur prósent milli ára.

Í sumar hefur helgarumferð frá höfuðborgarsvæðinu dregist saman um 4,6 prósent. Lengi stefndi í sex prósentu samdrátt, en þessi óvænta aukning sum síðustu helgi breytti því. - þj

Frá Kvennaskólanum í Reykjavík

Skólinn verður settur mánudaginn 22. ágúst kl. 9. Upplýsingar um staðsetningu verða á heimasíðu skólans www.kvenno.is um helgina.

Kennsla skv. stundaskrá hefst í 1. – 3. bekk þriðjudaginn 23. ágúst og í 4. bekk fimmtudaginn 25. ágúst.

Skólameistari

TÆKIFÆRI Í FERÐAÞJÓNUSTU:

Hreindýraveiði á Grænlandi

Veiðirettur til 10 ára í boði fyrir félag í veiðitengdri ferðaþjónustu

Caribou Greenland A/S er félag á gömlum grunni, en með nýjum fjárfestum, sem hefur umráð yfir 150.000 hektara (1.500 ferkílómetra) jarðnæði syðst á Grænlandi. Á svæðinu er m.a. hreindýrastofn á stærð við þann íslenska og margar góðar ár, fullar af bleikju.

Félagið hefur falið KONTAKT að finna öflugan aðila sem hefur áhuga, vit og fjárhagslega burði til að byggja upp veiðitengda ferðaþjónustu á svæðinu við hlið hreindýrabúskapar sem Caribou Greenland mun stunda. Áhugasamir hafi samband við Jens Ingvólfrsson eða Gunnar Svavarsson fyrir 26. ágúst í síma 414 1200.

KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
www.kontakt.is

globalM&A Iceland



... eitt hagstæðasta
verðið á markaðnum

SUMAR
TILBOÐ!

VANDAÐAR HÁGÆÐA ELDHÚSINNRETTINGAR

til
afgreiðslu
af lager



LINE Glerhörð, kámfri áferð
Hvítt lakkað háglans, höldulaus



COUNTRY Glerhörð, kámfri áferð
Fulningur - hvítt lakkað, háglans

Allt að
40%
afsláttur



DUCALE Glerhörð, kámfri áferð
Hvítt lakkað háglans, innfelld handföng



DUCALE Ljós eik - innfelld handföng

BLUM
mjúklokun
á öllum
skúffum
og hurðum

FATASKÁPAR

Breiddir: 40, 50, 80 og 100 sm, hæð: 240 sm



Ljós eik
innfelld handföng

Háglans - sprautulakkað
innfelld handföng

40%
afsláttur

ÞVOTTAHÚS innréttingar

Djúpar
mjúklokandi
skúffur
og full
útdráganleg
vinnuborð



verð frá
58.970
stgr.



- fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



TRÚARLÍF Heittrúaður faðir lyftir ungu barni sínu upp til móts við Benedikt páfa XVI í bænum Castel Gandolfo rétt fyrir utan Róm, stuttu áður en messa hófst þar. NORDICPHOTOS/AFP

Goodman segir símanjósniir hafa verið stundaðar með vitund yfirmanna:

Stangast á við orð Murdoch

BRETLAND, AP Clive Goodman, fyrrverandi blaðamaður á breska æsi-fréttablaðinu News of the World, segir að símhleranir hafi verið mikið notaðar á ritstjórn blaðsins með vitund og fullu samþykki yfirmanna.

Þetta kemur fram í bréfi, sem Goodman skrifaði fyrir fjórum árum en rannsóknarnefnd breska þingsins hefur nú gert opinbert.

Þessar fullyrðingar Goodmans, sem hefur hlotið dóm fyrir símhleranir, stangast á við yfirlýsingar yfirmanna og eigenda blaðsins, sem hafa stutt og stöðugt



CLIVE GOODMAN

haldið því fram að Goodman hafi verið eini blaðamaðurinn á blaðinu sem hafi haft eitthvað með þessar símanjósniir að gera.

Í bréfinu, sem stílað er á Daniel Cloke, þáverandi framkvæmdastjóra hjá News International, fyrirtækinu sem gaf út News of the World, segir Goodman berum orðum að símanjósniir

hafi verið „mikið ræddar á daglegum ritstjórnarfundum þangað til ritstjórinn bannaði allar beinar vísanir til þeirra“.

Goodman segist í bréfinu einnig hafa fengið leyfi yfirmanna sinna til þess að stunda símnjósniir og fleiri blaðamenn hafi gert slíkt hið saman.

Breska þingnefndin íhugar nú að kalla James Murdoch, eiganda blaðsins, á ný til yfirheyrslu. Fyrrverandi yfirmenn hjá News of the World búa sig nú undir að koma fyrir nefndina í september.

- gb

Svívar flytja inn úrgang:

Sveitarfélögin hagnast á sorpi

SVÍPÍÐ Innflutningur á sorpi er orðinn mikilvæg tekjulind fyrir sænsk sveitarfélög. Úrgangi frá öðrum löndum er breytt í orku í sænskum fjarhitaverum.

Mörg Evrópusambandslönd sjá sig knúin til þess að flytja út það sorp sem þau geta ekki séð um sjálf. Sænsk sveitarfélög flytja nú inn 750 þúsund tonn af sorpi á hverju ári.

Innflutta sorpið er alls 15 prósent af því sem brennt er í fjarhitaverunum. Búist er við að það verði 20 til 25 prósent. - ibs

HÁRIÐ



YFIR 13.000 MIÐAR SELDIR!



„Algjör snilld“

★★★★★

Július Júlíusson, Mbl.

Miðasala á harid.is

Síðustu sýningar

Mið. 17. ágúst kl. 19 **LAUS SÆTI**

Fim. 18. ágúst kl. 19 **FÁ SÆTI**

Fös. 19. ágúst kl. 19 **ÖRFA SÆTI**



Vilja samhæfða stefnu

Leiðtogar Frakklands og Þýskalands kynna tillögur sínar um sameiginlega hagstjórn evruríkja. Vilja banna fjárlagahalla en ekki efla neyðarsjóðinn frekar.

PARÍS, AP Samhæfðari stefna í efnahagsmálum er að mati Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, nauðsynleg til að verja evruna. Hún lét þessi orð falla í gær eftir fund með Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta, en meðal þess sem þau leggja til er sameiginleg hagstjórn á evrusvæðinu.

Mikill óróleiki hefur verið í efnahagslífi Evrópu síðustu misseri, ekki síst vegna skuldavandamála ríkja eins og Grikklands, Portúgals og Írlands, sem hafa þegið hundruð milljarða evra í styrk. Nýjustu hagteölur frá Frakklandi og Þýskalandi hafa svo enn aukið óvissu með framhaldið, en hartnær enginn hagvöxtur varð í löndunum á öðrum fjórðungi þessa árs.

Merkel og Sarkozy hétu því að standa vörð um evruna. Meðal annarra atriða í tillögum þeirra var að koma á sameiginlegum evrópskum skatti á fjármagnsflutninga og að evruríkin myndu stjórnarskrárbinda bann við fjárlagahalla, ekki síðar en næsta sumar. Þá sömdu Frakkland og Þýskaland um að samhæfa fyrirtækjaskatta ríkjanna.

Loks má þess geta að leiðtogarnir neituðu að til stæði að gefa út evruskuldabréf og ekki kæmi til greina að efla neyðarsjóð evrusvæðisins. Sarkozy sagði sjóðinn,



HORFTI TIL FRAMTÍÐAR Sarkozy og Merkel kölluðu eftir sameiginlegri hagstjórn evruríkjanna til að verja sameiginlegan gjaldmiðil. Hér sést Sarkozy taka á móti Merkel við komuna til Elysée-hallar í París. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sem stendur í 440 milljörðum evra í dag, vera nægilega öflugan til að bregðast við þeim þrengingum sem evruríkin horfi fram á.

Fyrirnefnt efnahagsyfirvald evrusvæðisins yrði, samkvæmt hugmyndum Merkel og Sarkozys, skipað leiðtogum allra aðildarríkja myntbandalagsins, undir forystu forseta leiðtogaráðs ESB.

Óvíst er hver viðbrögð annarra evruríkja verða við tillögnum,

sem fela í sér afsal á völdum ríkisstjórna í efnahagsmálum.

Tillögurnar fengu blendin viðbrögð á mörkuðum þar sem evran hækkaði í verði gegn Bandaríkjadal fyrst eftir fund Sarkozys og Merkel en gaf svo eftir seinni partinn. Merkel og Sarkozy lögðu áherslu á að enga skyndilausn væri að finna á vandanum. Frekar þyrfti að líta til pólitískra langtímalausna. thorgils@frettabladid.is

15010

AFSLÁTTUR

vegna breytinga

í dag miðvikudag og fimmtudag bjóðum við 15% afslátt af öllum vörum í verslun Maður Lifandi **Hæðasmára 6, Kópavogi.**

í verslun okkar færðu hágæða lífrænar og náttúrulegar mat-, snyrti- og hreinlætisvörur, bætiæfni, náttúrulegar lausniir og fræðsluefni.



maður lifandi

www.madurlifandi.is



LATAKIA Meðal annars var ráðist á borgina utan af sjó, að sögn mannréttindasamtaka. Þá hafa skriðdrekar verið notaðir í hernaðaraðgerðum. AFP PHOTO/HO

Sýrlensk yfirvöld halda áfram árásum á borgara:

35 láttnir í árás hersins

SÝRLAND, AP 35 manns hafa látist af völdum hersins í borginni Latakia í Sýrlandi undanfarna fjóra daga, að sögn íbúa. Af sautján manns sem drepnir voru í landinu á mánuðag samkvæmt mannréttindasamtökum voru sex í Latakia.

Vélbyssum var beitt og létust flestir í fátækum hverfum borgarinnar, al-Ramel, al-Shaab og Ein Tamra. Í al-Ramel eru stórar flóttamannabúðir Palestínunnar, sem hafa margir hverjir flúið í burtu á síðustu dögum. Að sögn Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna fyrir Palestínunnar eru allt að tíu þúsund flóttamenn yndir, því ekki er vitað hvar þeir halda sig til.

Stjórnin í Sýrlandi hefur hert

árásir sínar til muna undanfarið í tilraun til þess að brjóta mótmælin á bak aftur. Stjórnin segist aðeins vera að uppræta hryðjuverkssamtök, sem valdi óróa í landinu. Mörg mannréttindasamtök hafa greint frá því að það eigi ekki við rök að styðjast. Skotið hafi verið á óvopnaða mótmælendur og 1.800 hafi látist síðan mótmælin hófust í mars. Hernaðaraðgerðir eru einnig í fullum gangi í Hama og Deir el-Zour auk Latakia.

Jay Carney, talsmaður Hvíta hússins, sagði að Bandaríkjamenn myndu leita leiða til að beita Sýrland frekari viðskiptaþvingunum. Assad Sýrlandsforseti yrði að láta af kerfisbundnu ofbeldi, handtökum og morðum á eigin þjóð. - þeb

Tölur frá Ríkislögreglustjóra:
Brotum fækkar

LÖGGÆSLA Meiri háttar líkamsárásam hefur fækkað séu bornir saman sex fyrstu mánuðir síðustu þriggja ára, samkvæmt samantekt Ríkislögreglustjóra. Þær voru 132 fyrstu sex mánuði ársins 2009, 101 á sama tímabili 2010 en 91 í ár. Þetta er um 31 prósent fækkun.

Jafnframt hefur orðið fækkun í flestum brotaflokkum á ofangreindu tímabili, að undanteknum fíkniefnabrotum, því þeim hefur fjölgað um 33 prósent.

Mest fækkaði innbrotum, um fimmtíu prósent á tímabilinu, og hraðaksturs- og þjófnaðarbrotum fækkaði um 25 prósent.

- jss

Smáríki pluma sig betur en stór ríki innan Evrópusambandsins samkvæmt niðurstöðum rannsóknar:
Sjálfstætt Wales væri 39 prósentum ríkara

EVROPUMÁL Ef Wales hefði sagt skilið við Bretland og fengið sjálfstæði þegar Berlínarmúrinn féll, árið 1989, væri það um 39 prósentum ríkara land en það er.

Þetta er niðurstaða nýrrar rannsóknar Adams Price, sem var áður þingmaður í Wales en starfar nú við Harvard-háskóla.

Rannsóknarskýrslan fjallar um smáríki í Evrópu og efnahagskrisuna og skoðar Price hvort stærð ríkja hafi hugsanlega áhrif á efnahagslega velgengni. Samkvæmt skýrslunni hefði hagvöxtur í Wales verið að meðaltali 2,5 prósentum meiri á ári hverju ef það hefði verið sjálfstætt á tímabilinu.

Price sér fyrir sér að Wales geti staðið á

eigin fótum innan Evrópusambandsins og hefur sérstaklega borið saman ríki innan þess. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að innan ESB farnist smárikjum betur en þeim stóru.

„Það virðist vera einhver smárikjabónus. Ef ríkið er lítið, síðustu þrjátíu árin í Evrópusambandinu, þá gengur því betur,“ segir Price við BBC.

Þá gefur rannsóknin til kynna að smáríki vinni sig fyrr út úr kreppum en önnur.

Niðurstöður Price breyta því ekki að Walesbúar eru íhaldssamir í þessum efnun. Einungis tíu prósent þeirra vilja sjálfstæði, samkvæmt skoðanakönnunum.

- kóp



BRÚIN TIL ANGLESEY Sjálfstæðisbaráttan í Wales er ekki ýkja burðug en Adam Price vonar að ný rannsókn sín ýti við fólk. Samkvæmt henni standa smáríki sig betur innan Evrópusambandsins en stór ríki.

NORDICPHOTOS/AFP



GLEÐI Í NEPAL Samkynhneigðir leggja undir sig kúahátíðina.

NORDICPHOTOS/AFP

Samkynhneigðir minna á sig:
Fyrsta gleðigangan í Nepal

NEPAL Fyrsta gleðiganga samkynhneigðra í Nepal var haldin um helgina í tengslum við hina fornu kúahátíð Gai jatra. Sú hátíð var upphaflega haldin til að minnast látinna ættingja en hefur á seinni árum snúist upp í almenna gleðihátíð, þar sem fólk klæðir sig gjarnan í alls kyns afkáralega búninga og hefur frávik mannlífsins í hávegum.

Meðal annars er hefð fyrir því að karlar og drengir klæði sig í kvenföt og konur í karlaföt og þótti samkynhneigðum í Nepal því tilvalið að tengja þessa hátíð gleðigöngu sinni, minna á tilvist sína og krefjast mannréttinda.

- gb



ÞORSKUR Þorskaflí var svípaður í júlí 2011 og 2010, rúm 8.800 tonn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓN SIGURÐUR

Botnfiskaflí dróst saman:
Aflí í júlí minni í ár en í fyrra

SJÁVARÚTVEGUR Heildaraflí íslenskra fiskveiðiskipa var rúmlega ellefu prósentum minni í júlí 2011 en í sama mánuði í fyrra. Er þá miðað við fast verðlag. Þetta kemur fram í tölum Hagstofu Íslands. Alls veiddust 103.531 tonn í júlí í ár, en 116.942 tonn í júlí 2010.

Það sem af er árinu hefur aflinn þó aukist um 4,3 prósent miðað við sama tímabil í fyrra, einnig metinn á föstu verði. Alls veiddust 26 þúsund tonn af botnfiski í júlí í ár, sem er rúmlega eitt þúsund tonnum minna en í fyrra. Munar þar mestu um að að ýsaflí dróst saman um 1.500 tonn. Þorskaflinn jókst hins vegar lítillega, eða um 63 tonn og karfinn umtalsvert, eða um 1.700 tonn.

- kóp

Beint flug með Icelandair

TYRKLAND
27. ágúst í 11 nætur
frá aðeins **119.900 kr.**
– með allt innifalið

Tyrkland í ágúst

Heimsferðir bjóða frábær tilboð á allra síðustu sætunum í 11 náttu ferð til Tyrklands þann 27. ágúst. Í boði eru m.a. frábær sértíloboð á Hotel L'Ambiance **** og Hotel Club Shark **** með **allt innifalið** á ótrúlegum kjörum. Einnig önnur sértíloboð í boði.

Aðeins örfá herbergi í boði – bókaðu strax!

Verð frá

119.900 kr.

í 11 nætur með allt innifalið

m.v. tvo fullorðna og tvö börn í herbergi á L'Ambiance ***+ í Bodrum með allt innifalið, 27. ágúst í 11 nætur.

Verð 139.900 kr. m.v. tvo í herbergi á L'Ambiance ***+ í Bodrum með allt innifalið, 27. ágúst í 11 nætur

Verð frá

124.900 kr.

í 11 nætur með allt innifalið

m.v. tvo fullorðna og tvö börn í herbergi á Hotel Club Shark **** í Bodrum með allt innifalið, 27. ágúst í 11 nætur.

Verð 149.900 kr. m.v. tvo í herbergi á Hotel Club Shark **** í Bodrum með allt innifalið, 27. ágúst í 11 nætur

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

EINWISUM / SIA • 40447751 • Birt með lýrvaru um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á síliku. Ath. að verð getur breyst án lýrvaru.

Leikskólakennarar hafa verið þolinmóðir.

Mikilvægar stéttir hafa orðið eftir

Ef fram heldur sem horfir skellur á verkfall meðal leikskólakennara á mánudag. Verkfallið er sagt munu hafa áhrif á fjórtán þúsund fjölskyldur og sextán þúsund börn. Þegar þetta er skrifað bendir fátt til þess að samið verði á næstunni; deilan virðist frekar fara harðnandi.

Mikilvægi stéttar eins og leikskólakennara er gríðarlegt. Óþarfi er að tíunda hversu viðamikili uppeldisstarf fer fram í leikskólum og hversu nauðsynlegt er að fólk viti af börnum sínum í góðum og hæfum höndum. Þá eru starfhæfir leikskólar eru nauðsynleg undirstaða í atvinnulífinu, án þeirra mun allt fara úr skorðum.

Leikskólakennarar hafa nú dregist talsvert aftur úr grunnskólakennurum, sem þeir miða sig helst við. Formaður Kennarasambands Íslands segir í Fréttablaðinu í dag að gat á milli leik- og grunnskólakennara hafi verið brúað árið 2006, byggt á því að

SKOÐUN

Pórunn Elísabet Bogadóttir
thorunn@frettabladid.is



sambærilegt nám sé að baki störfunum. Leikskólakennarar eru hins vegar svo óheppnir að þeirra kjarasamningar runnu út skömmu eftir efnahagshrun, á meðan grunnskólakennarar sömdu fyrir það. Nú er svo komið að allt að 25 prósentu munur er á stéttunum. Samningar hafa verið

lausir lengi og ekki er hægt að væna leikskólakennara um frekju eða óþolinmæði í þessum málum. Stéttin hefur aldrei farið í verkfall fyrr.

Hafa verður í huga að þrátt fyrir að grunnskólakennarar hafi fjórðungi hærra laun en kollegar þeirra er ekki þar með sagt að launin séu til mikillar fyrirmyndar. Þvert á móti. Þessar stéttir eiga það sameiginlegt með ýmsum öðrum stéttum sem sinna einhverjum nauðsynlegustu störfunum í samfélaginu að hafa ekki verið metnar að verðleikum.

Sem betur fer virðast foreldrar leikskólabarna og margir aðrir átta sig á mikilvægi skólanna án þess að verkfall þurfi til. Hins vegar gæti það verið ágætis áminning fyrir viðsemjendur þeirra ef af verkfallinu yrði. Auðvitað er hægt að hafa samúð með sveitarfélögnum sem mörg hver berjast í bókkum, en eins og Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara, benti á í Kastljósi í gærkvöldi er erfitt að sjá að einhver ákveðinn tími sé réttari en annar til að framkvæma launaleiðréttingu.

Þó að sveitarfélögin séu í erfiðri stöðu er ekki hægt að samþykka að reynt verði að lágmarka skaðann af verkfalli með því að láta ófaglærða starfsmenn á leikskólum sinna störfunum. Með því er gert lítið úr aðgerðunum þótt að sögn formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga sé það ekki ætlunin. Ekki á að þurfa að koma til þess að verkfallsverðir fylgist grannt með starfsemi leikskóla meðan á verkfalli stendur. Verkföll eru lögbundinn réttur og hann ber öllum að virða, sama hversu erfiðlega stendur á.

Beita verður öllum mögulegum ráðum til þess að hægt verði að semja sem fyrst. Stéttir sem urðu eftir í góðærinu hafa ekki fengið leiðréttingu kjara sinna og það er tímabært að reynt sé að laga að minnsta kosti hluta af þeirri þróun.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

GRUNNSKÓLAR Í GARÐABÆ SKÓLABYRJUN HAUSTIÐ 2011

Grunnskólar í Garðabæ verða settir mánudag 22. ágúst.

Skólasetning fyrir nemendur 2.-10. bekkja og boðun 1. bekkinga er auglýst á heimasíðum skólanna. Þar má einnig finna hagnýtar upplýsingar um upphaf kennslu og innkaupalista.

Vefir grunnskóla:
www.flatskoli.is
www.gardaskoli.is
www.hjalli.is/barnaskolin/
www.hofsstadaskoli.is
www.internationalschool.is/
www.sjalandsskoli.is

Deildarstjóri skóladeildar



www.gardabaer.is

Fræðslu- og menningarsvið

FRÁ DEGI TIL DAGS

Samningatæknin

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, gefur lítið fyrir kröfur leikskólakennara um launahækkun til samræmis við viðmiðunarstéttir. „Það geta allir hengt sig í það að einhvern tíma hafi þeir ekki samið rétt,“ sagði hann í samtali við Fréttablaðið. Þetta er athyglisverð nálgun á samninga og virðist ganga út frá því að leikskólakennarar hafi samið af sér og þá væntanlega hafi viðsemjendur þeirra samið rétt, eða hvað?



Ánægðir starfsmenn

Fyrir stjórnendur sveitarfélaga hlýtur það að vera markmið að jafn mikilvægir starfsmenn og þeir sem ala upp börnin okkar séu ánægðir í starfi. Semji þeir af einhverjum ástæðum af sér hlýtur það að vera viðsemjenda þeirra að leiðrétta það, einmitt til að allt fari ekki í bál og brand skömmu síðar. Kjarabaráttan á ekki að vera við gegn hinum, heldur sameiginlegt átak í því að bjóða sem besta þjónustu.

Spendýrin


Nýja Ísland átti að rísa úr öskustó hins gamla og rotna. Á grænum íðavöllum átti að rísa nýtt, opið og



skilningsríkt samfélag. Vonin um slíkt bíður því miður reglulega hnekki, helst þó þegar umræður á bloggi og í athugasemdakerfum eru skoðaðar. Þannig virðist umræða um hvort nægt kjöt sé til í verslunum hafa snúist upp í það á hvers spena þeir eru sem þátt taka í henni. Þeir sem telja þörf á meiri innflutningi eru taldir spenasjúgar ESB, þeir sem á móti honum eru sjúga hins vegar alíslenska spena andstæðinga ESB, ef marka má umræðuna. Hvort þurfi að endurskoða framleiðsluferfi klaufdyranna með spenana og júgrin virðist hins vegar aukaatriði.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Hingað og svo miklu, miklu lengra

Menntamál



Ingibjörg Kristleifsdóttir
formaður Félags stjórnenda leikskóla

Það vita allir hvernig staðan í rekstri samfélagsins er og leikskólakennarar hafa lagt sitt af mörkum þegar rekstraraðilar hafa skorð niður. Leikskólakennarar taka á sig högginn vegna fækkunar stjórnenda, skerðingar á afleysingu, niðurskurðar í kaupum á námsgögnum og annarra kreppuviðbragða og nota alla sína orku til þess að forða því að áhrifin lendi á börnunum. Að það skuli þurfa að verja sjálfsvirðingu stéttarinnar og gæði leikskólastarfs með því að boða til verkfalls til að ná fram sanngjörnum kröfum er hreint með ólíkindum. Það eru engin rök fyrir því að leikskólakennarar búi við verri kjör en aðrir kennarar. Dýrmæti viðfangsefnisins og langtímaáhrif fyrir samfélagið eru jafnmikil eða meiri í leikskólum en á öðrum skólastigum. Getur það verið að einhvern langi til þess að segja það hreint út að leikskólastarf snúist um geymslu fyrir börn? Nei, við erum komin miklu lengra í hugsun en það. Ráðamenn, atvinnurekendur og að sjálfsgötu foreldrar vita jafn vel og skólafólk að framtíðin býr í leikskólunum og að það er skylda okkar að bjóða aðeins upp á það besta sem þekktist í aðbúnaði og menntun.

„Má nefna til samanburðar að í Finnlandi, þar sem kennarastarfið nýtur verðskuldaðrar virðingar, komast að í kennaranám einungis 15% þeirra sem sækja um.

Við verðum og eigum að velja leið til betri framtíðar. Kennarar í leikskólum jafnt og á öðrum skólastigum eiga að hafa bestu menntun sem völ er á og það á að gera ýtrustu kröfur um mannkosti og hæfileika þeirra sem komast að í kennaranám. Til þess verða kjör og starfs- umhverfi að vera framúrskarandi góð. Má nefna til samanburðar að í Finnlandi, þar sem kennarastarfið nýtur verðskuldaðrar virðingar, komast að í kennaranám einungis 15% þeirra sem sækja um. Fyrsta skrefið á leið til betri framtíðar er að semja við leikskólakennara um þær hógværu kröfur sem þeir gera og halda síðan strax áfram við að finna leiðir til þess að gera enn betur.

Að standa vörð um mannréttindi

Kirkja og skóli

Július Vífill
Ingvarsson
borgarfulltrúi



Sveitarfélög hafa ótal tækifæri til að þróa íbúalýðræði og virkja enn betur áhuga fólks á að taka þátt í að móta stefnu sveitarstjórna og koma með þeim hætti að ákvörðunum. Í Reykjavík var bryddað upp á fjölmörgum nýjungum á síðasta kjörtímabili í átt til þess að vika út lýðræðið og auka þátttöku borgarbúa í störfum borgarstjórnar. Það var grunntóninn í meirihlutasamstarfi Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Samráðið við borgarbúa gekk svo vel að ég held að engum hafi dottið í hug að ekki yrði sjálfkrafa framhald af því. Það hefur þó því miður ekki reynst raunin.

Besti flokkurinn og Samfylkingin ætluðu að auka samráð í „skipulags-, umhverfis- og skólamála“ í Reykjavík. Það stendur í stefnuýfirlýsingu sem samin var þegar framþjóðendur þessara flokka mynduðu meirihluta eftir síðustu borgarstjórnarkosningar. Engin merki sjást um að yfirlýsinguna eigi að efna. Ekki verður annað sagt en að það sem einkennt hafi borgarstjórnartíð Besta flokksins og Samfylkingar sé einmitt að það er ekki hlustað á borgarbúa og vilji til samvinnu við úrvinnslu mikilvægra mála sést hvergi. Met hafa meira að segja verið slegin í þessum eignum sem seint verða jöfnuð.

Aldrei í sögu Reykjavíkur-

borgar hafa borist jafn mikil og kröftug mótmæli eins og við tillögum um sameiningu grunnskóla, leikskóla og frístundaheimila. Viðbrögð borgaryfirvalda við röddum foreldra og skólasamfélagsins í heild einkenndust af ólund og þóttaskap. Í stað þess að nýta sér augljósan vilja borgarbúa til að taka þátt í að móta skólastefnu var ráðhúsinu einfaldlega lokað og viðtöl ekki veitt. Tækifæri til að auka lýðræði og nýta mannaúðinn sem býr í borgarbúum rann úr greipum meirihlutans í borgarstjórn. Þegar opnir fundir voru loksins haldnir fyrir þrýsting foreldra

stjórn vegna málsins hefur ekki verið svarað. Fjölmörgum ábendingum, m.a. frá undirrituðum, um að taka upp viðtækt samráð og leita sátta hefur verið hafnað.

Á síðasta kjörtímabili var unnin vönduð skýrsla um samstarf skóla og trúar- og lífsskoðunarhópa. Hana vann breiður hópur fólks sem kom víða að með reynslu og menntun sem nýttist vel í þessu vandasama verki. Skýrslan var lögð fram í menntaráði í formannstíð minni. Niðurstöður hennar byggðu m.a. á skoðanakönnun sem gerð var í skólum borgarinnar. Í athugasemdum frá starfshópnum stendur: „Starfs-

eru skólar borgarinnar margbreytilegir og samsetning nemenda ólík. Það hefur reynst farsælt að treysta skjólastjórnendum og foreldrum til þess að taka sameiginlega ákvarðanir um samskipti við lífsskoðunar- og trúfélög. Hvað það er sem knýr fulltrúa Besta flokksins og Samfylkingar í borgarstjórn til að gera breytingar á samstarfi, sem góð sátt hefur ríkt um, er óskiljanlegt.

Með tillögnum sem samþykktar voru í mannréttindaráði, og teknar verða til afgreiðslu í borgarráði á næstu dögum, er verið að gera viðurkennt félagsstarf barna og unglinga sem fram fer á vegum kirkjunnar og trúfélaga tortryggilegt. Þær eru settar fram án sjáanlegs tilefnis og án faglegs undirbúnings. Tillögurnar hafa verið skreyttar hugtökum eins og trúfrelsi en vinna gegn grundvallarmannréttindum vegna þess að í trúfrelsi felst meðal annars frelsi til að velja. Og það er einmitt það sem Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna á að tryggja börnum bæði félagslega og trúarlega.

Enn einu sinni er ekkert samráð haft við þann mikla fjölda fólks sem boðist hefur til þess að vinna með borginni að ásættanlegri lausn. Það er áhyggjuefni að slíkar tillögur komi frá því ráði í borgarkerfinu sem standa á vörð um mannréttindi en í því felst m.a. að fyrirbyggja fordóma í garð trúfélaga. Vinnubrögð mannréttindaráðs hafa dregið úr trúverðugleika þess meðal almennings. Þau hafa kallað fram umræðu um að aðrar hvatir búi að baki en þær byggja á jafnræði, umburðarlyndi og virðingu.

„Það er með öðrum orðum ekki mælt með miðstýringu og boðvaldi ofan frá heldur að mið sé tekið af aðstæðum í hverjum skóla enda eru skólar borgarinnar margbreytilegir og samsetning nemenda ólík.“

var útkoman hrein niðurlægning fyrir borgarfulltrúa meirihlutans, sem töluðu á fundunum eins og þeim kæmu skoðanir foreldra nánast ekkert við. Nú hefur komið í ljós að allt þetta brambolt skilar reiði, vanlíðan og óryggi – en ekki sparnaði. Af sama toga eru sterk viðbrögð foreldra við tillögum mannréttindaráðs um samskipti trúfélaga og skóla. Einnig þar hafa boð um samvinnu frá þeim, sem þessi mál þekkja best, verið virt að vettugi. Beiðnum um viðtöl við fulltrúa meirihluta flokkanna í borgar-

hópurinn velti fyrir sér í hverju samstarf milli leik- og grunnskóla og trúar- og lífsskoðunarhópa gæti verið fólgið. Aðalatriði að mati hópsins er eins og fram kemur í tillögnum að samstarfið byggji á skilningi og virðingu fyrir hlutverki hvors annars. Hvernig samstarfið mótast er í valdi hvers skóla (leik- og grunn-) og þeirra stofnana sem þeir eiga samstarf við. „Það er með öðrum orðum ekki mælt með miðstýringu og boðvaldi ofan frá heldur að mið sé tekið af aðstæðum í hverjum skóla enda

AF NETINU

Breytt landslag stjórn-mála

Lögfræðingur lögfræðistofunnar Logos, sem hefur milligöngu um erlendar fjárfestingar á Íslandi, segir að „stjórnmalalandslagið“ hér á landi hafi ekki boðið upp á erlendar fjárfestingar alþjóðlegra banka að undanförmu.

Þá vaknar spurningin hvernig stjórnmalalandslagið þarf að breytast til þess að alþjóðlegir bankar vilji fjárfesta hér, en í frétt um þetta á mbl.is er sagt að þeir sýni mikinn áhuga á því upp á síðkastið.

Er hægt að draga þá ályktun af þessu að hér sé á þennan hátt verið að setja fram viljrði til Íslendinga um að þeir fái lán ef þeir breyti stjórnmalalandslaginu hér?

omarragnarsson.blog.is

Ómar Ragnarsson

Valdahlutföllin breytt

Yfirlýsing formanns Sjálfstæðisflokksins um að afturkalla ætti umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu breytti pólitískum valdahlutföllum í einni hendingu. Samfylkingin taldi sig vera á góðri leið með að setja saman nýja ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokki. Forysta Samfylkingarinnar taldi að formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, yrði að komast í ríkisstjórn til að bjarga formannsstölnum á landsfundinum í haust.

Staða Bjarna sem formanns var veik eftir að hann studdi ríkisstjórnina í seinni þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave. Umræða hefur verið um mótframboð gegn honum á landsfundi í nóvember.

pallvil.blog.is

Páll Vilhjálmsson

ALLIR SAMAN NÚ

HLAUPUM

TIL GÓÐS

www.hlaupastyrkur.is

Ég hleyp fyrir
Umhyggju

Ég hleyp fyrir
Einstök börn

Ég hleyp fyrir
Barnaspítalasjóð Hringsins

23 REYKJAVÍKUR
ÁRA MARAÞON
ÍSLANDBANKA
20. AGÚST 2011

Þú ert búin(n) að skrá þig, er það ekki?
Netskráningu lýkur á marathon.is kl. 16:00 í dag.

Vegalengdir við allra hæfi; heilt og hálf maraþon, 10 km hlaup, 3 km hlaup, boðhlaup og svo Latabæjarhlaup fyrir börnin.

Hlaupastyrkur
– hlaupum til góðs

Þú getur látið gott af þér leiða með hlaupinu. Á hlaupastyrkur.is getur þú safnað áheitum til stuðnings góðgerðarfélagi að eigin vali með því að fá vini og vandamenn til að heita á þig.



Íslandsbanki

- Stoltur bakhjarl hlaupsins síðan 1997

Staða vatnsmála á Íslandi

Verndun vatnafars

Guðmundur Páll Ólafsson
náttúrufræðingur og rithöfundur



Árið 1923 voru samþykkt vatnalög á Alþingi sem tóku mið af bændasamfélagi þess tíma. Lögin fólu í sér mála-miðlun andstæðra sjónarmiða, þ.e. eignarréttar og almanna-réttar. Með lögunum var vatn undanþegið eignarrétti á meðan nýtingarréttur var styrktur. Gömlu vatnalögin tryggðu almenningi aðgang að vatni og stóðu vörð um vatnafar – til dæmis með því að banna flutning á straumvatni úr farvegi sínum – en megingalli við þau var mögu-leikinn á framsali vatnsréttinda.

Þessi lög eru ennþá í gildi þótt tilraun hafi verið gerð að endurskoða þau með lögum frá Alþingi árið 2006 en þau þóttu svo broguð að þau tóku aldrei gildi. Nýju lögin voru uppskrift að einkavæðingu vatns á Íslandi og heimiluðu áfram framsal vatnsréttinda og þar er farið með vatn eins og hverja aðra einka-eign algjörlega án tillits til sam-félagslegrar þýðingar þess enda samþykkt í tíð blindrar einka-væðingar á almannaæigum og alþjóðavæðingar. Enginn fyrir-vari var um verndun vatnafars eða votlendis, eða um náttúru-vern yfirleitt þótt vatn sé miðill lífsins. Lögin drógu taum fram-kvæmda og virkjana á kostnað vistkerfa, líffræðilegrar fjöl-breytni og almannahegsumna. Framsal vatnsréttinda var hins vegar takmarkað með lögum nr. 58/2008 þegar einkavæðing Hitaveitu Sudurnesja var komin á hættulegt stig.

Almennt er álitid að gömlu vatnalögin frá 1923 hafi verið vönduð og staðist furðu vel umbyltingu íslensks samfélags þótt margt í þeim lögum megi betur falla að íslensku sam-félagi á 21. öld. Tvennt hefur gjörbreyst: Annars vegar hefur nýting vatns til orkuframleiðslu umturnað vatnafari á stórum

svæðum og í því ásamt stór-feldri framræslu votlendis felst gríðarlegt inngríp í vistkerfi Íslands. Á hinn bóginn hefur þekking á náttúruvari landsins tekið miklum framförum og í framhaldi af því hefur krafan um varkárni gagnvart náttúru-audlindum fengið æ meiri hljómgrunn. Þessi þekking hefur endurspeglast í alþjóðlegum samningum sem Íslendingar hafa undirritað þótt stjórnsýslan og orkufyrirtæki landsmanna hafi hvorki sýnt þeim virðingu né farið eftir þeim.

Ísland er ákaflega auðugt af vatni og vatnsmagn á hvern íbúa er með því hæsta í heiminum. Samkvæmt skýrslu Auðlinda-stofnunar jarðar, WRI (World Resource Institute) fyrir árið

frumvarpinu og hvergi að sjá þá miklu vinnu sem vatnalaganefnd I og II lagði í að endurskoða laga-frumvarpið frá 2006 og samdi nýtt frumvarp sem treysti almennaréttindi og náttúruvern en iðnaðarráðherra, Katrín Júlíusdóttir, kaus að stinga ofan í djúpa skúffu.

Enginn vafi er á því að nýj-asta frumvarpið er missmíð en í því og hruninu sjálfu felst gullid tækifæri til að endurskoða stjórnskrá, vatnalög, vatns-réttindi og meðferð vatna og votlendis í nýju ljósi sem heims-byggðin öll hefur lært grimma lexíu af. Til þess að vel fari þurfa fleiri en lögfræðingar – þótt þrír séu – að koma að undir-búningi frumvarpsins. Hér er afar metnaðarfullt viðfangsefni

„Vegna þessa ríkidæmis er það álit margra að vatnið á Íslandi sé óendanleg auðlind og meðferðin er samkvæmt því. Svo er þó ekki. Vatn er takmörkuð auðlind hvar á jörðu sem er.“

2000 er Ísland vatnsríkasta land í heimi með 605.000 tonn á hvern íbúa á ári á Íslandi. Vegna þessa ríkidæmis er það álit margra að vatnið á Íslandi sé óendanleg auðlind og meðferðin er samkvæmt því. Svo er þó ekki. Vatn er takmörkuð auðlind hvar á jörðu sem er.

Eftir hrun íslensks efnahags (2008), gríðarleg innanlandsátök vegna risavirkjana og orkufrekrar stóriðju, mislukkaða einka-væðingu á almenningseignum (einkum bönkum) og háværar kröfur um almenningseign á náttúruauðlindum skýtur mjög skökku við að iðnaðarráðherra skuli nú hafa látið semja frum-varp til vatnalaga sem treystir enn eignarrétt á vatni, meira að segja á úrkomu (loftkenndu vatni). Engin tilraun er gerð til að vernda vatnsauðlindina á einn eða annan hátt og almanna-hagur er fyrir borð borinn. Engin markmiðslýsing fylgir

fyrir náttúrufræðinga, félags-fræðinga, skipulagsfræðinga, náttúruverndar- og mann-réttindasamtök, sveitarstjórnar-menn og fjölda annarra sem hafa djúpstæða þekkingu á vatni og nýtingu þess fyrir lífið og sam-félagið. Leiðarljós laganna ætti að vera að treysta almennarétti-ndi og náttúruvern og að gera vatn að almenningseign í stað einka-eignar.

Ef til vill verða ný vatnalög fyrir Ísland vitnisburður um þjóð sem ákvað að nýta sam-takamátt sinn og þekkingu til að stýra vatnsmálum í landinu af visku og umburðarlyndi í stað þess að falla í ljónagryfju sérhagsmuna, einkavæðingar, markaðar og samkeppni í anda alþjóðavæðingar. Svo alvar-legt slys gæti auðveldlega orðið uppskrift að endanlegri einka-væðingu á auðlindum Íslands og allsherjarhruni íslensks sam-félags.

Verkfall leikskóla-kennara

Kjaramál

Guðrún Jónsdóttir
verkefnisstjóri Hjá Heimili og skóla - landssamtökum foreldra



Nú vofir yfir að leikskólakenn-arar fari í verkfall á fyrstu vikum nýs skólaárs. Aðilar hafa reynt að ná saman en enn hafa samningar ekki náðst. Leikskóli er fyrsta skólastigið hér á landi fyrir börn undir skóla-skylduöldri. Mikill meirihluti foreldra nýtir sér þessa þjón-ustu og er ljóst að þjóð-félagið í heild reiðir sig á að leikskólar landsins starfi eins og lög gera ráð fyrir.

Það er skilmerkilega gerð grein fyrir hlut-verki leikskóla í grunn-skólalögum frá 2008.

Þar þarf vandað og metnaðarfullt fólk til að sinna því hlutverki sem leikskólunum er ætlað.

Foreldrar eiga mikið undir að í leikskólunum sé fólk sem starfar af heilindum og nýtur sín í starfi.

Við viljum að leikskóla-kennarar séu vel menntaðir og

fái sanngjörn laun fyrir sín störf. Sé þess ekki gætt leitar hæft fólk úr stéttinni og leikskólarnir búa börnunum okkar ekki þau skil-yrði sem best verður á kosid.

Efnahagur landsins á nú á brattann að sækja. Flestir átta sig á að við þurfum öll að taka skellinn á meðan leitast er við að rétta hag okkar. Þó ber að gæta þess að þær stéttir sem urðu eftir í launaskriði góðærisins geta engan veginn unað við sinn hag í því árferði sem nú er.



Við viljum að leikskóla-kennarar séu vel menntaðir og fái sanngjörn laun fyrir sín störf.

Markmiðið er að allir hafi hér viðunandi afkomu og jafnframt með það leiðarljós að fagleg starf og metn-aður sem byggður hefur verið upp undan-farna áratugi renni ekki í súginn.

Leikskólar lands-ins þurfa áfram að vera metnaðarfullar og faglegar stofnanir sem hlúa að börnunum á uppbyggilegan og markvissan hátt. Það er mikið hagsmunamál fyrir allt þjóðfélagið til langs og skamms tíma að ekki verði verk-fall 22. ágúst. Það varðar okkur öll að samningar náist um við-unandi kjör fyrir leikskóla-kennara í landinu.

Höndla nefndir stórasannleik?

Sjávarútvegsmál

Bolli Héðinsson
hagfræðingur



Þegar umræðum um fiskveiði-stjórnunarfrumvörpin lauk á Alþingi í vor lá ljóst fyrir að sum-arið yrði notað af LÍÚ til að hræra í istöðulitlum þingmönnum til að fá þá til fylgis við sig. Af og til hafa síðan borist fréttir um neik-væð áhrif breyttrar fiskveiði-stjórnunar á afkomu sjávarútvegs-ins og stöðu viðskiptabankanna en þær hafa oftan en ekki verið hreinar getsakir án haldþærrar röksemdafærslu. Skýrsla, unnin af nokkrum sérfræðingum, hefur síðan verið talin einhvers konar stóridómur um málið en er í reynd ekki annað en gagnleg samantekt unnin út frá takmörkuðum for-sendum. Þannig er t.a.m. um fjár-hagsleg áhrif á rekstur fyrirtækja, sem skýrslan metur. Hún byggir á gamalkunnri aðferðafræði þar sem ályktanir eru dregnar út frá meðaltölum. Reynolds hefur kennt okkur að það er afar varasöm leið til að byggja á framtíðarskipan mikilvægustu atvinnugreinar þjóðarinnar.

Endurvakið Verðlagsráð

Við þekkjum þessi „vísindi“ frá tímum Verðlagsráðs sjávar-útvegsins, þegar sömu aðferð var beitt við ákvörðun fiskverðs. En það er sama leið og fylgjend-ur svokallaðar samningaleiðar boða nú við ákvörðun veiðigjalds. Þá sátu meintir „hagsmunaað-ilar“ á fundum og freistuðu þess að semja sín á milli um fiskverð,

„Fram að þessu hafa fáir tregað örlög Verðlagsráðs sjávar-útvegsins en nú er gælt við að endurvekja það...“

út frá meðaltalsafkomu sjávar-útvegsins, sem á endanum var svo ákvarðað af oddamanni. Dag-inn eftir var svo gengi krónunnar fellt og sami leikurinn hófst að nýju þar sem tekist var á um það sem hét þá „rekstrargrundvöllur sjávarútvegsins“. Fram að þessu hafa fáir tregað örlög Verðlagsráðs sjávarútvegsins en nú er gælt við að endurvekja það í breyttri mynd til að ákvarða auðlindagjald sam-kvæmt samningaleið.

Samkvæmt samningaleið þurfa einstök fyrirtæki að greiða í auð-lindagjald það sem „samist“ hefur um milli ríkisvaldsins og LÍÚ á grundvelli ámotá hæpinna vísinda og „rekstrargrundvöllur sjávarútvegsins“ var ákvarðaður á tímum Verðlagsráðs sjávar-útvegsins áður. Aftur á móti er útilokað að hin svokallaða tilbods-leið leggi nokkurn tíma of þungar byrðar á sjávarútvegsfyrirtækin í landinu þar sem hvert fyrirtæki gerir aðeins tilboð í kvóta sem það hefur fjárhagslega burði til að greiða. Hæfi einstakra útgerða til að standa í rekstri er mismun-andi eins og fyrirtækin eru mörg og því væri það skref aftur á bak fyrir rekstur þeirra ef hverfa á aftur til fyrri tíma þegar rekstrar-grundvöllur fyrirtækjanna var ákvarðaður á grundvelli mið-stýrðra ákvarðana.



Mjólkin gerir gott betra og ómissandi með súkkulaðiköku.

Muu betri hugmynd!

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFID UMRÆÐAN

ÞAÐ ERU FLEIRI PARTÝ OG MEIRA FJÖR Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.



SHIFT_the way you move



0 KR. Í BENSÍN FYRSTA ÁRIÐ*



Fritt
í gjaldstæði
í Reykjavík



25.903 kr.
á mánuði**

NISSAN MICRA

Lágmarks rekstrarkostnaður, hámarks öryggi, áreiðanleiki og góðir aksturseginnleikar. Þetta er kjarninn í Nissan Micra. Allt það besta úr fyrri árgerðum Micra er á sínum stað, bara enn betra.

www.nissan.is

Meðaleyðsla: 5,0 l/100 km

Handfrjáls bluetooth símabúnaður

Tengi fyrir aux (iPOD)

ESP skriðvörn

Hiti í sætum o.m.fl.

Verð frá **2.290 þús. kr.**



*Nokkrum beinskiptum Micra fylgir nú frítt bensínkort að upphæð 170.000 sem ætla má að endist allt að 15.000 km eða í u.þ.b. 1 ár.



51

SEAN PENN leikari er 51 árs.

„Milli verkefna verð ég blankur. Ég leik greinilega í kvikmyndum sem borga leikurum sínum ekki há laun.“



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Eyjólfur Guðjónsson
skipstjóri,
Bjarmalandi 3, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 10. ágúst. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 18. ágúst klukkan 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

Sigurrós Guðjónsdóttir

Anna Eyjólfsdóttir
Eyjólfur Sigurðsson
Kristján Sigurðsson
Júlíus Már Sigurðsson

Sigurður Júlíusson
Anna Sigríður Halldórsdóttir
Kim Andersson



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Önnu Kristjönu

Bjarnadóttur

Suðurgötu 30, Keflavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Hlévangs.

Ásdís Þorsteinsdóttir
Anna Steina Þorsteinsdóttir
Rut Þorsteinsdóttir
og aðrir aðstandendur

Ragnar Eðvaldsson
Stefán Björnsson
Sæmundur Alexandersson



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Stefanía Ármannsdóttir

Aðalstræti 62, Akureyri,

lést föstudaginn 12. ágúst á Sjúkrahúsi Akureyrar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 19. ágúst kl. 10.30.

Baldur Sigurðsson
Sigrún Skytte
Sigurður Baldursson
Baldur Ólafur Baldursson
ömmu- og langömmubörn

Jens Christian Skytte

Sarah Krüger



Við sendum innilegar þakkir öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför okkar elskulegu móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ölmú Önnu Þórarinsson

f. Thorarensen

fv. yfirlæknis.

Starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Sóltúns eru færðar sérstakar þakkir fyrir einstaka umönnun síðustu æviárin.

Þórarinn Hjaltason
Oddur C.G. Hjaltason
Sigríður Hjaltadóttir
Hrólfur Hjaltason
Gunnlaug Hjaltadóttir

Halla Halldórsdóttir
Ingibjörg H. Jakobsdóttir
Þórir Ragnarsson

ömmubörn og langömmubörn.

PETTA GERÐIST: 17. ÁGÚST 1946

Íslensk kona lýkur flugmannsprófi

Hinn 17. ágúst 1946 lauk fyrsta íslenska konan einkaflugmannsprófi. Það var ungrú Valgerður Þorsteinsdóttir, verslunarmær sem var Ísafirðingur að ætt. Valgerður stundaði nám við flugskola Jóhannesar Snorrasonar og Smára Karlssonar. Prófið gekk vel, en hún tók það á Reykjavíkurflogvelli. Haft var eftir kennara hennar, Antoni Axelssyni, að Valgerður hefði verið óvenjulega duglegur nemandi og stæði karlmönnum síst að baki við flugnámið.

Valgerður var eftir prófið ákveðin í að halda áfram flugnámi og ljúka að minnsta kosti næsta

prófi, A-prófinu sem veitti henni rétt til að fljúga með farþega án endurgjalds. Það samsvaraði minna bílstjórprófi á sínum tíma.

Fleiri stúlkur voru byrjaðar að læra að fljúga á þeim tíma sem Valgerður lauk einkaflugmannsprófinu. Reykvíska stúlkan María Óskarsdóttir átti til að mynda skammt eftir af náminu. Aðeins hafði ein kona sem var af íslensku bergi brotin náð flugprófi á undan Valgerði. Það var Kanadabúinn Sýlvía Jónasson, dóttir Guðmundar fiskkaupmanns við Winnipeg-vatn.

Heimild: Tímarit.is



Í **BLÓÐBANKANUM** Sigríður segir að gaman hafi verið að fara í Blóðbankann til að taka myndir af blóðgjafa.



Í **BIÐIN** „Við hittum ungan mann uppi á nýrnadeild sem er að bíða,“ segir Sigga.



Í **RÉTTU UMHVERFI** Sigríður ákvað að sniðugt væri að taka myndir af líffærunum í sínu rétta umhverfi á Landspítalanum.

SIGRÍÐUR HEIMISDÓTTIR: VEKUR FÓLK TIL UMHUGSUNAR UM LÍFFÆRAGJAFIR

Glerlíffæri til góðgerðamála

„Þetta byrjaði allt saman fyrir fimm árum þegar ég fékk tækifæri til að vinna með einu stærsta glerlistasafni í heimi,“ segir Sigríður Heimisdóttir iðnhönnuður, sem betur er þekkt sem Sigga Heimis. Á Menningar-nótt mun hún sýna glerlíffæri sem hún hefur hannað, í húsnæði Neta-gerðarinnar, gamla Liborius-húsinu í Mýrargötunni.

Í upphafi voru glerlíffærin skrautmunir. „Við bjuggum til fullkomni sett af líffærum, til dæmis lungu, hjarta, nýru og maga. Þannig byrjaði þetta,“ segir Sigga. „Svo leist okkur svo vel á að við ákváðum að vinna meira með þetta og einbeita okkur að hjartanu og nýrunum.“ Seinna var ákveðið að gera líka augu, blóðkorn og fleira.

„Svo fór ég að leggja yfir ástandið á líffæragjöfum í heiminum í dag. Þá kom margt í ljós,“ segir Sigga og útskýrir það nánar: „Það er svaklega mikil vöntun á líffæragjöfum og fólk sem er tilbúið að gefa líffærin sín segir ekki frá því. Það gengur ekki frá pappírnum um að það vilji gerast líffæragjafar,“ segir Sigga og bætir við að í þriðja heiminum selji fólk jafnvel úr sér líffæri. „Þetta er djúpur heimur sem ég datt óvart inn í.“

Sigga segir að hugmyndin með verkefninu sé að vekja fólk til umhugsunar. „Við erum öll eins að innan. Það skiptir engu máli hvaðan við komum,“ segir Sigga. „Fólk getur bjargað mörgum



HÆGT AÐ BJARGA MANNSLÍFUM Sigga Heimis segir að mikil vöntun sé á líffæragjöfum í heiminum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

mannslífum ef það er tilbúið að gefa líffærin sín ef eitthvað kemur upp á.“

Sigga á orðið nokkurt safn af hjörtum, augum og blóðkornum og fólk hefur falast eftir glerlíffærunum. „Mér datt núna í hug að gefa andvirði nokkurra hluta til góðgerðamála. Ég ætla að gefa andvirði hjarta til Hjarta-verndar,“ upplýsir Sigga og heldur

áfram: „Ég ætla að gefa andvirði tveggja blóðkorna til Krabbameinsfélagsins og auga til Umsjónarfélags einhverfra. Það eru sjúkdómarnir sem við þurfum að opna augun fyrir.“

Uppboð verður haldið á þriðjudagskvöld í Liborius-húsinu við Mýrargötu og hefst það klukkan 20.

martaf@frettabladid.is



Ný Disney matreiðslubók, Stóra Disney köku- og brauðbókin kemur í verslanir Hagkaups og Eymundsson í dag. Hún inniheldur 90 gómsætar uppskriftir að hollu matarbrauði, múffum, kökum, tertum og brauðréttum.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufultrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512-5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512

Mjúkir og þægilegir herra skór úr leðri á fínu verði!



Teg: 31300 svartir, st. 40 - 47. verð kr. 13.800.

Sími 551 2070
Opíð mán.-fös. 10-18.
Lokað á laugardögum í sumar
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Misty skor
Laugavegi 178
Vertu vinur

Viðja Karen Júlíusdóttir var klappstýra í framhaldsskóla í Bandaríkjunum.

Alveg eins og í bíó

Þetta var svolítið eins og í amerískri bíómynd,“ segir Viðja Karen Júlíusdóttir, nemandi í Verzló, en hún kom heim í sumar eftir ársdvöl sem skiptinemi í Ohio-ríki í Bandaríkjunum. Þar var hún meðal annars í klappstýruliði og kór. „Systir“ mín í fjölskyldunni sem ég bjó hjá var fyrirliði í klappstýruliði skólans. Ég hafði sagt henni á Facebook að mig dreymdi um að vera klappstýra, eftir að hafa séð svo margar bíómyndir um það. Hún kom mér í liðið,“ segir Viðja, sem hrópaði hvatningarorð tvisvar í viku um veturinn fyrir körfubolta skólans.

FRAMHALD | 2



Hlaupasokkar

- Minnka verki og þyngsl í kálfum
- Auka blóðflæði og súrefnisupptöku
- Minni hætta á blöðrumyndun

Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 - 18
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



friendtex



ÚTSÖLULOK

Á FÖSTUDAG
BARA GEGGJAÐ
2 FYRIR 1 AF
ÖLLUM FATNAÐI

Opnunartími:

mánud. - föstud. kl. 11:00 - 18:00 laugardag lokað

Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

HVAÐ ER STUÐNINGSSTÖNGIN?

Hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra.

Auðveld í uppsetningu
Engar skrúfur eða boltar
Tjakkast milli lofts og gólfs
Hægt að nota við hallandi loft, timburloft og mikla lofthæð
Margir aukahlutir í boði

- Falleg og nútímaleg hönnun
- Passar allsstaðar og tekur lítið pláss
- Viðurkennd af Tryggingastofnun ríkisins

Hjálparsessan lyftir
70% af þinni þyngd

Er erfitt að
standa upp?

10 ÁR Á ÍSLANDI

www.vilji.is • Sími 856 3451

STUÐNINGS
STÖNGIN

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Á FERÐINNI



Á heimasíðum ferðafélaga eru gjarnan auglýstar skemmtilegar ferðir með fararstjórn. Um helgina verður til dæmis gengið yfir Fimmvörðuháls í Bása á einum degi með Útivist. Upplýsingar er að finna á www.utivist.is.

Rafstilling ehf

Viðgerðarþjónusta Varahlutir

Startarar Alternatorar

Flottar og ódýrar bilaperur

Heimilis LED perur white og warm white

Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Nýtt námskeið hefst 26. ágúst.

Út- og vinnuvélaskólinn ehf. Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

Geymslu- og dekkjahillur

í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

kr. 15.990.-
viðbótareining kr. 11.357.-

Pessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellið saman

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS OPIÐ 08:00 - 17:00

Meirapróf

ÖKU SKOULINN I MJÖDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

Nýtt námskeið hefst 24. ágúst 2011

Frelsisstyttni í New York verður lokað í eitt ár vegna viðhalds. Framkvæmdir hefjast í lok október og fara að mestu fram inni í styttni. Frelsiseyja verður því áfram opin ferðafólki.

www.turisti.is

ÍSLENSKT KISUNAMMI

Harðfisktöflur sem kisu elska

VINSÆL VARA

Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli

Haustvörur komnar. Útsölulok

B/A/S/L/E/R

Skipholti 29b • S. 551 0770



Viðja fékk verðlaunabikar fyrir mestu framfarinar í klappstýruliðinu.

Framhald af forsiðu

„Þetta var alveg eins og í bíó, dúskar og tilheyrandi buningur. Þetta var ekkert gott klappstýrulið, svo við þurftum ekki að gera nein heljarstökk,“ segir Viðja, sem stóð sig þrælvell. „Þetta var bara skemmtilegt. Í lok vetrar fékk ég verðlaunabikar, fyrir að hafa sýnt mestar framfarir í liðinu,“ segir hún spök.

„Systir“ Viðja var þó ekki eins ánægð með velgengni hennar og það slettist aðeins upp á vinskapiinn. Viðja segir að það megi líkja því við eka klappstýrurifriðli, eins og þau gerast í bíó.

„Hún var aðalklappstýran og vinsæl í skólanum og fannst flott til að byrja með að fá athyglina út á erlenda skiptineman. Þegar ég fékk síðan meiri athygli en hún fannst henni þetta ekkert sniðugt lengur. Við unnum samt bara úr okkar málum og gátum alveg búið undir sama þaki,“ segir Viðja og hlær að minningunni.

Viðja stóð sig einnig vel við námið og varð efst í skólanum þó að maturinn sem boðið var upp á í skólamötuneytinu hafi ekki beinlínis verið uppbyggjandi, franskartöflur og smákökur í hádeginu!

Með skólakórnum ferðaðist Viðja til Flórída og kom fram í



Með líffræðiklúbbum á ferð um suðurhluta Ohio.

Disney World. Hún var einnig virkur meðlimur í líffræðiklúbbi sem ferðaðist meðal annars til suðurhluta Ohio.

„Þar renndi ég mér milli trjáa í vír og skoðaði snáka. Ég er svo ánægð með hvað ég kynntist mörgum og fékk að gera margt nýtt þetta ár. Ég á góða vini sem ég mun eiga alla ævi og get vonandi heimsótt aftur. Ég mæli með því að krakkar taki eitt ár sem skiptinemar. Þetta var besta ár lífs míns.“
heida@frettabladid.is



Viðja ferðaðist til Flórída með skólakórnum og söng meðal annars með honum popplög í Disney World.

W White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél **12 kg** Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóóllát
Stórt op > auðvelt að hlaða Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn Afkastamikill þurrkari >

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c - 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 - WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

SKÓLAFÖT

MIDVIKUDAGUR 17. ÁGÚST 2011

Kynningarblað

Buxur
Peysur
Skór
Úlpur
Bolir
Sokkar





Kingston Rosssdale, sonur Gwen Stefani og Gavins Rosssdale, er oft klæddur samkvæmt nýjustu tísku og virðist hafa meðfædda tilfinningu fyrir tiskunni. Þrátt fyrir að mamma hans kunni að velja á hann fötin ber hann sig í takt við klæðnaðinn.

NORDICPHOTOS/GETTY

Vel klædd stjórnubörn

Börn stjarnanna í Hollywood eru mörg þekkt fyrir að vera vel til höfð á almannafæri. Flíkur frá stærstu tiskuhúsum heims eru ekki óalgeng sjón í fataskápum stjórnubarna; háir hælur og handtöskur eru einnig vinsæl. Sum barnanna hafa jafvel verið talin betur til fara en foreldrarnir sjálfir, sem dæmi má nefna börn Madonnu og Katie Holmes, að því er fram kom í frétt breska blaðsins Telegraph fyrr á árinu.

-mmf



Leikarinn Matthew McConaughey hefur augljós áhrif á fataval sonar síns, Levi McConaughey.

NORDICPHOTOS/GETTY



Suri Cruise, dóttir Tom Cruise og Katie Holmes, er þekkt tiskudrottning. Hún hefur til dæmis gífurlegan áhuga á skóm og fer jafnvel í háum hælum á ströndina.



Willow Smith, systir Jaders og dóttir Wills og Jödu Pinkett Smith, hefur ekki minni áhuga á tísku en bróðir hennar.



Nú er okkur hlýtt.



Það er hægt að hreyfa sig í þessu.



UNITED COLORS OF BENETTON.

Það er lítið mál að leggjast á jörðina þegar maður er í hlýjum fötum.

Elska þægilegan fatnað

Endingargóð föt úr vönduðum efnum sem halda lögum og lit eru einkennandi fyrir vörurnar í Benetton-búðunum og verðið kemur á óvart.

Benetton-merkið hefur alltaf staðið fyrir gæði og við erum með mikið af nýjum fötum hjá okkur núna, þannig að úrvalið er gott fyrir haustið," segir Lilja Bjarnadóttir, eigandi Benetton, en þrjár Benetton-verslanir eru á landinu: í Kringlunni, Smáralind og á Glerártorgi á Akureyri. „Þetta eru ítalskar vörur úr vönduðum efnum og miðað við gæðin tel ég þær ekki dýrar," heldur hún áfram og nefnir sem dæmi úlpur fóðraðar með ekta dúni og fíðri á 7.995 krónur, joggingbuxur, þægilegar bæði fyrir stráka og

stelpur, á 2.995 krónur og boli í öllum litum með United College of Benetton-merkinu á 1.995.

Lilja segir Benetton byggja á traustum grunni og fyrst og fremst bjóða upp á sígild föt. „En fyrirtækið er líka oft leiðandi í hönnun, svo það koma einhverjar nýjungar á hverju hausti. Fötin eru ekki bara smart, heldur líka þægileg og úr góðri bómull sem endist vel. Allir litir eru líka sterkir og endingargóðir og fölna ekki með tímanum.“

Lilja segir Benetton selja fatnað á nýfædd börn og allt upp

í fjórtán ára aldur. „Svo erum við líka með vörur frá Sisley Young, sem er pínulítið unglingatengd-ari lína," lýsir hún en kveðst setja fókussinn á barnaskólaaldurinn á þessum árstíma. „Við erum með úlpur og mikið úrval af buxum, bolum og peysum. Einnig er mikið um kjóla fyrir stelpur í leikskólana og líka fyrir fínna tilefni. Það er líka töluvert til af þrjónafötum en mest er þó af bómullarfatnaði, enda vilja krakkar vera í honum. Þau elska þægileg föt og foreldrarnir líka því það er lítið mál að þvo hann.“

ALLIR Í NÝJU FÖTIN

Að mörgu þarf að huga þegar fyrsti skóladagur haustsins nálgast. Meðal þess eru skriffæri, litir, yddari og strokleður. Nauðsynlegt er að hafa gott ílát undir slík þarfapung, pennaveski eða bara góðan lítinn poka með rennilási. Í öllu falli þarf ílátið að þola hnjask og álag, því ritföngin eru meðal mikilvægustu verkfæra skólabarnanna og eru alltaf með í för.



MUNA AÐ MERKJA SKÓLAFÖTIN

Við skólalok á vorin fylla óskilamunir oft margar körfur sem foreldrar þurfa að gramsa í gegnum. Ómerkt föt sem fara á flakk í fatahenginu rata illa aftur til réttara eigenda og oft glatast flíkur sem mikil eftirsjá er að. Til að koma böndum á óskilahrúguna ætti að merkja hverja einustu flík sem barnið á og tekur með í skólann. Taka mætti eina eða tvær kvöldstundir yfir sjónvarpinu með nál og þráð í hönd og sauma upphafsstafi barnsins í fötin. Eins er hægt að kaupa renninga með nafni barnsins ofnu í eða prentuðu og tylla með nokkrum saumsporunum í fötin. Þá er hægt að kaupa litla miðaprentara til heimanota sem prenta á borða sem eru síðan straujaðir í fötin. Einfaldast er þó að kaupa sérstaka fatamerkipenna í vefnaðarvörubúð eða föndurbúð og skrifa nöfnin innan í kraga og buxastrengi.



SKÓLAR ÁKVEÐA SKÓLAFÖT

Víða um heim leysa staðlaðir skólabúningar frjálsligri skólaföt af hólmi. Þeir eru algengir í grunnskólum þar sem settar eru stífar reglur um klæðaburð á skólatíma. Hefðbundnir skólabúningar eru vanalega látlausir og samanstanda af dökkum stutt- eða síðbuxum, ljósri skyrtu og hálsbindi. Skólabúningar stúlkna eru breytilegri á milli landa en eru yfirleitt einlitur kjóll eða hvít blússa við stutt dökkt pils eða skokk. Sportjakkar og skólatreyjur eru algeng þar sem kólnað getur í veðri. Í sumum löndum, eins og á Bretlandseyjum, hefur hver skóli sinn eigin skólabúning og þá með ísaumuðu merki skólans.



Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmenn auglýsinga: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462 og Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is s. 512 5447.

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



Elin Halla Hólmfríðardóttir og Íris Ásgeirsdóttir sýna falleg fót fyrir klára krakka, en úrvalið af skólafötum er mikið í Zöru.

MYND/GVA

Rokk og rómantík

Zara er löngu orðin heimsþekkt fyrir að fylgjast vel með nýjustu straumum og stefnum í tískunni. Börn og unglingar eru ekki undanskilin í Zöru, sem selur vandaða vöru á góðu verði.

Blaðamaður ræddi við Írisi Björk Ásgeirsdóttur og Elínu Höllu Hólmfríðardóttur, deildarstjóra barnadeilda Zöru, um haust- og vetrartískuna.

Rómantískar stelpur

„Við bjóðum upp á skóla- og leikskólafatnað fyrir börn frá 2–14 ára. Auk þess erum við með gott úrval af ungbarnafatnaði,“ segir Elín Halla.

„Í barna- og unglingatísku hausts og vetrar hjá Zöru eru ákveðin þemu sem skipta upp línunum.

Stelpnafatnaðurinn skiptist í sparifatnað og hversdagsklæðnað sem einkennist af rómantísku yfirbragði. Grunnlitirnir eru fremur hlutlausir eins og grár og brúnn sem eru svo toppaðir með skærum eða sterkum litum eins og grænum, bláum og appelsínugulum. Hlutlausu litina er að finna í yfirhöfnum, prjónapeysum og buxum en aftur á móti eru litríku flíkurnar kjólar, skyrtur og bolir. Til að búa til bæði frumlega og flotta heildarútkomu eigum við gott úrval af fylgihlutum eins og húfum, klútum og sokkum.“

Leðurjakkar og þröngar buxur
Strákarnir gleymast heldur ekki í

Zöru. „Það eru tvö meginþemu í strákalínunum,“ segir Íris Björk. „Önnur er rokkur en í hinni má greina áhrif frá götutískunni, það er svolítill bóhemfílingur yfir henni.

Í rokkinu koma buxurnar í mörgum litum og eru niðurþröngar. Bolirnir eru með skæru grafísku mynstri sem tilheyrir ímyndinni. Það er svo leðurjakkinn sem toppar þetta allt saman.

Í bóhemlínunni eru litirnir náttúrulegri eins og brúnn, grár og hvítur. Úlpurnar eru stórar, buxurnar með axlaböndum og skyrturnar köflóttar. Með þessu koma fylgihlutir eins og stórar prjónahúfur, sixpensarar og litríkir treflar.“

Úlpur í skólann

„Á bæði stelpur og stráka erum við með hefðbundinn skólafatnað á góðu verði. Fóðraðar úlpur, hettupeysur, langerma boli, joggíngalla og gallabuxur,“ segir Íris Björk. „Í vetur verða prjónapeysur áberandi hjá Zöru, svo engum ætti að verða kalt. Svo þekkjast allir þennan hefðbundna Zöru-fatnað, gollurnar, tíglapeysurnar og leggings í mörgum litum. Það ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi fyrir skólann hvort sem maður er tveggja eða fjórtán.“

Strigaskór og ballerínur

Úrvalið af skóm í Zöru er fjölbreytt og gott. „Skórnir henta vel íslenskum aðstæðum, við erum með stigaskó sem eru renndir á hliðinni og þarf ekki að reima. Mjög flott leðurstígvél, bæði ökklastígvél og upphá. Þá erum við með lágbotna skó sem við köllum ballerínur og hafa lengi verið mjög vinsælir hjá stelpum og góða sparískó,“ segir Elín Halla.

Köflóttir krakkar

Mynstur eru áberandi í haust- og vetrartískunni, köflótt, rósótt og doppótt. Íris og Elín voru báðar sammála um það að köflótt er gegnumgangandi hjá stelpum og strákum í kjólum, skyrtum og klútum.

Strákarnir meðvitaðir

Elín Halla segir að strákarnir séu sífellt að verða meðvitaðri um hvað þeir vilji þegar þeir fari í verslunarleiðangur. „Stelpurnar hafa yfirleitt haft meira um það að segja hvað er keypt en nú er ekki eins algengt og áður að mamma fái bara að ráða þegar strákarnir eiga í hlut. Þeir eru orðnir miklu meðvitaðri um hvað er í tísku og hvað þeir vilja. Það er virkilega gaman að fá að aðstoða þá.“



ZARA



kl: 9⁰⁰

Sleppa
kafla 2⁰⁹

PARTY
HJÁ BEBBU



6
MÁNAÐA
VAXTALAUST
LÁN



Frábær vél í skólann!
Talnaborð fyrir alla
Excel vinnsluna.
Burstuð álumgjörð og
vökvavarið lyklaborð.

HP Probook 4520s

119.900 kr.

XX784EA

Örgjörvi: Intel Core i3

Harður diskur: 320 GB

Vinnsluminni: 3 GB

Skjár: 15,6" LED BrightView

Ábyrgð: 2ja ára ábyrgð.



VERTU KLÁR

Nýja haustlínan frá OK búðinni á skólatilboði.



HP Compaq CQ62
69.900 kr.

WY950EA

Örgjörvi: Intel Celeron 900
Harður diskur: 250 GB
Vinnsluminni: 2 GB
Skjár: 15,6" LED BrightView
Ábyrgð: 2ja ára ábyrgð.

stofa 203



HP Compaq CQ57
99.900 kr.

LU006EA

Örgjörvi: E350 Brazos Dual
Harður diskur: 320 GB
Vinnsluminni: 4 GB
Skjár: 15,6" HD LED BrightView
Ábyrgð: 2ja ára ábyrgð.



HP Probook 4320s
119.900 kr.

XN862EA


Örgjörvi: Intel Core i3
Harður diskur: 320 GB
Vinnsluminni: 3 GB
Skjár: 13,3" LED BrightView
Ábyrgð: 2ja ára ábyrgð.



HP Pavilion g6
139.900 kr.

LZ155EA


Örgjörvi: Intel Core i3
Harður diskur: 640 GB
Vinnsluminni: 4 GB
Skjár: 15,6" LED BrightView
Ábyrgð: 2ja ára ábyrgð.



HP Pavilion dv6
169.900 kr.

QC766EA

Örgjörvi: Intel Core i5
Harður diskur: 640 GB
Vinnsluminni: 6 GB
Skjár: 15,6" LED BrightView
Ábyrgð: 2ja ára ábyrgð.



HP Pavilion dv6 i7
219.900 kr.

QA954EA

Örgjörvi: Intel Core i7
Harður diskur: 750GB
Vinnsluminni: 8 GB
Skjár: 15,6" HD LED BrightView
Ábyrgð: 2ja ára ábyrgð.

hp - MEST SELDU TÖLVUR Í HEIMI*

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi.
HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

muna!

Office Starter 2010
FILMA.IS

Office Starter 2010
fylgir hverri tölvu.

2.000 kr. inneign á **filma.is**
fylgir hverri tölvu!

start **RS** **omni:s** **et** **MYND SMÍÐJAN**

OPNUNARTÍMI: mánud. - föstud. kl. 09 - 18 og laugard. kl. 11 - 15

OK

búðin

Ok búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1140 / www.okbudin.is



Sumarið er hvergi búið þótt skólarnir séu að byrja. Framlengið ævintýri sumars með nestisferðum í nálæga náttúru eftir skóla. Víða eru útigrið og leiktæki í angan fagurra trjáa og dásamleg upplifun barna að eiga ágústkvöld saman undir bláum himni.

Örlagaofið sólskinsbarn

Prinsessa í Breiðholtinu varð mömmu sinni og ömmu að svo miklum innblæstri með feegurð sinni og yndisleik að til varð sólskinsbarn sem yljur öðrum börnum árið um kring með litríkum ullarflíkum.

„Sólskinsbarn varð til þegar ég eignaðist stúlkubarn, en bara með því að horfa á þá litlu fylltumst við mamma innblæstri og sáum fyrir okkur dýrindis kjóla og telpnakápur,“ segir Margrét Harðardóttir, sem í félagi við móður sína, Bryndís Gísladóttur, setti á fót barnafatamerkið Sólskinsbarn, en saman hanna þær ullarfatnað á smábörn til sex ára aldurs.

„Mamma er óskaplega flink eftir áratuga starf í ullarbransanum og því hæg heimatökin þegar við létum til skarar skriða.

Viðtökurnar urðu strax svo góðar að við fengum byr undir báða vængi til að halda áfram,“ segir Margrét um sólskinsbarnið sem lifir sínu eigin lífi. „Það er eins og það hafi átt að verða til og allt í kringum það spinnst örlagaþræði.“

Á Árbæjarsafni er nýlökkið sýningu á ullarfatnaði þeirra mæðgna en í haust verða þær á sýningu Handverks og hönnunar í Ráðhúsinu, þangað sem gestir hafa komið gagnert til að nálgast Sólskinsbarnið á liðnum árum.

„Það er yndislegt að vinna með mömmu. Hún er svo dugleg og klár, og frá henni erfði ég hannyrðaáhugann. Við erum miklir mátar og lesum hvor aðra vel, þannig að hugmyndir fæðast fullskapaðar þegar við leggjum í þúkk. Við höfum að leiðarljósi að gleði og gæði haldist í hendur og viljum að flíkurnar yljú börnum eins og sólin. Því er hvert og eitt barn sannkallað sólskinsbarn í flíkunum okkar.“

Barnafatnaður Sólskinsbarns fæst í búðunum Kraumi og Lítil í upphafi.

thordis@frettabladid.is



Mæðgurnar Margrét Harðardóttir og Bryndís Gísladóttir hanna saman ullarbornafatnaðin Sólskinsbarn, sem leggur áherslu á glaðlega litadýrd.



Náttúran er áberandi hjá Sólskinsbarni.

Barn með endurskin sést fimm sinnum fyrr

MEÐAL ÞESS SEM HUGA ÞARF AÐ ÞEGAR BÖRNIN FARA Í SKÓLANN ER AÐ ÞAU SÉU MEÐ ENDURSKINSMERKI TIL AÐ TRYGGJA AÐ ÞAU SJÁIST Í UMFERÐINI.

„Barn með endurskinsmerki sést fimm sinnum fyrr en barn sem ekki er með endurskinsmerki,“ segir Þóra Magn-
ea Magnúsdóttir, fræðslu-
fulltrúi Umferðarstofu, þegar leitað er eftir ráðleggingum frá henni varðandi umferðaröryggi skólábarna. Hún segir miklu máli skipta hvar endurskinsmerki séu hengd og að ekki sé nægilegt að hafa þau bara á skólatöskunni.

„Það er best að hafa merkin beggja megin á hliðunum, annaðhvort neðst í úlpunni eða á handleggjunum, jafnvel á fótunum þannig að merkin hreyfist og séu eins og blikkljós þegar billjósinn skella á þeim,“ segir hún. Þóra getur þess að skátarnir hafi í mörg ár séð sex ára börnum fyrir endurskinsmerkjum en einnig faist þau víða, til dæmis í barnafataverslunum, á pósthúsum, í lyfjaverslunum, stórmörkuðum og hjólaverslunum.

Þóra bendir á að á síðu Umferðarstofu, www.us.is, sé sérstakur kafli um umferð barna undir stikunni Umferðaröryggi. Þar er fyrsta boðorðið svohljóðandi: „Börn eru smávaxin og hafa ekki jafngóða yfirsýn og fullorðnir. Í umferðinni er þýðingarmikið að sjá vel í kringum sig og sjást.“

- gun



Endurskinsvesti auka öryggi barnanna ótvírætt.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**NÝ SENDING FRÁ IDAT
VAR AÐ KOMA Í HÚS.**

Útsöluhornið
allt að 70% afsláttur
af völdum vörum.



Rumputuski

Rumputuski, Laugavegi 61, 101 Reykjavík,
Sími 552 7722 www.facebook.com/rumputuski.is

Kynning



Mikið líf og fjör ríkir í Ævintýragarðinum alla daga. Þar geta krakkar valið milli fjölda leiktækja, til dæmis hoppukastala og risavaxinnar fimm hæða leikgrindar.

Skemmtigarður fyrir börnin

Ævintýragarðurinn í Skútuvogi 4 er skemmtigarður fyrir börn í bland við kaffihús fyrir foreldrana. Veðrið hefur engin áhrif á leik barnanna enda eru leiktækin öll innandyrá.

Ævintýragarðurinn opnaði í byrjun júlí risavaxinn barnaleikvöll innandyrá sem ætlaður er fjölskyldufólki með börn á aldrinum núll til tólf ára. „Okkur þótti vanta sambærilegan stað á Íslandi en slíkir staðir hafa notið mikilla vinsælda annars staðar á Norðurlöndunum,“ segir Bjarni Sigurðsson, sem opnaði Ævintýragarðinn ásamt kærustu sinni, Hrefnu Björk Sverrisdóttur.

Ævintýragarðurinn er frábrugðinn hefðbundnum barnaleikgördum að því leyti að þar er boðið upp á þægilegt kaffihús fyrir foreldra. Þar geta þeir vafráð á netinu eða lesið bækur og tímarit í þægilegu umhverfi meðan krakknir ærslast og skemmta sér. Á kaffihúsinu er boðið upp á ýmsar kræsingar á borð við úrvalskaffi, ávaxtadrykki, bakkelsi, pitsur, samlokur og margt fleira.

Leiksalurinn sjálfur er þúsund fermetrar og fullur

af skemmtilegum leiktækjum. Þar má nefna hoppukastala, trampólín og risavaxna fimm hæða leikgrind. Auk þess er þar stórt afgirt svæði fyrir börn á aldrinum núll til þriggja ára þar sem þau geta leikið í rólegheitum í friði frá skarkala eldri barnanna.

Tilvalið er að halda afmælisveislu í Ævintýragarðinum. Þar eru tvö afmælisherbergi þar sem afmælishópar geta fengið að vera með pitsuveislu og borðað afmælsköku í næði milli þess sem krakknir þjóta um ævintýralegan salinn. „Það hefur verið mjög vinsælt að panta þessi afmælisherbergi og þegar er búið að panta nokkuð fram í tímann,“ segir Bjarni. Hann segir viðtökurnar við garðinum hafa verið afar góðar. „Og héðan fara allir sáttir,“ segir hann gláðlega.

Nánari upplýsingar um Ævintýragarðinn má nálgast á aevintyragegurinn.is.



Tilvalið er að halda afmælisveislu í Ævintýragarðinum en þar eru tvö afmælisherbergi þar sem afmælisgestir geta gætt sér á pitsum og kökum milli þess sem þeir skemmta sér í ævintýralegum salnum.

NÓATÚN

Við gerum meira fyrir þig

ÓKRYDDAÐ EÐA
KRYDDAÐ AÐ EIGIN VALI



ÚR KJÖTBORÐI
BESTIR
Í KJÖTI

LAMBALÆRI

1598

KR./KG

AÐEINS
ÍSLENSKT
KJÖT
Í KJÖTBORÐI

Úrvals
lambakjöt
Í Nóatúni



15%
afsláttur

ÚR KJÖTBORÐI
BESTIR
Í KJÖTI

SÚPUKJÖT
1/2 FRAMPARTUR
SAGAÐUR

739

KR./KG

~~869~~

BESTIR
Í KJÖTI

EXPO • www.expo.is

Óliverð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengi

DAG
Nótt
noatun.is

24·7

NÓATÚN

Hamraborg - Nóatún 17 - Hringbraut - Austurver - Grafarholt



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ragnheiður Malmquist Hjartardóttir

frá Lækjamóti, Fáskrúðsfirði,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut að kvöldi mánudagsins 8. ágúst. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 19. ágúst kl. 15.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Fjóla Sigurbjörnsdóttir

Vatnsholti 3b, Keflavík,

lést á heimili sínu sunnudaginn 14. ágúst síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 19. ágúst kl. 13.00.

Gunnar Sveinsson

Ragnheiður Gunnarsdóttir Ægir Magnússon

Sigurbjörn Gunnarsson Jenný Sandra Gunnarsdóttir

Gísli B. Gunnarsson

barnabörn og barnabarnabörn



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Hjördís Lovísa Pálmadóttir

lést á gjörgæsludeild Sjúkrahússins á Akureyri fimmtudaginn 11. ágúst. Útför hennar verður gerð frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 18. ágúst kl. 13.30.

Pétur Haraldsson

Fanney Bergrós Pétursdóttir Hafsteinn Lúðvíksson

Haraldur Pétursson Silja Einarssdóttir

Úrsúla Nótt Siljudóttir Helga Dís Hafsteinsdóttir

Illugi Dagur Haraldsson Ríkharð Pétur Hafsteinson



Alúðarþakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför föður okkar,

Steinars Guðmundssonar

Lindargötu 57, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Vitatorgs og Heimaþjónustu Reykjavíkurborgar. Einnig starfsfólk á deild A-1 á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, fyrir frábæra umönnun, virðingu og hlýhug.

F.h. fjölskyldunnar,
Anna Steinarsdóttir
Magnús Steinarsson



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir og amma,

Bergþóra Kristinsdóttir

Skjólí, áður til heimilis Eyjabakka 5, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi aðfaranótt laugardagsins 13. ágúst. Útför fer fram frá Áskirkju í Reykjavík þriðjudaginn 23. ágúst kl. 13.00.

Kristinn Jónsson
Rakel Hugrún Eyvindardóttir
Kistrún Kristinsdóttir



SANDKASSI Svona leit Seljavallalaug út í vor, full af sandi.



LAUGIN Í DAG Skipt hefur verið um þak og klæðningu í búningsklefum.

MYND/LÁRUS SIGURSSON

Seljavallalaugin orðin sem ný

Miklar endurbætur hafa verið gerðar á Seljavallalauginni í sumar. Laugin, sem byggð var árið 1923 af ungmennafélaginu Eyfellingi, þykir afar sérstök, enda byggð við klettavegg þar sem heitt vatn sytrar út úr berginu. Því þótti mörgum erfitt að sjá þessa fögru náttúrulaug stútfulla af sandi eftir Eyjafjallagosið í fyrra.

Einn þeirra sem létu sig málið varða er Einar Þór Einarsson, starfsmaður Arion banka. „Þegar ég sá myndir af lauginni sem breyst hafði í sandkassa fannst mér sem ég yrði að gera eitthvað. Ég sótti um það hjá styrktarnefnd bankans að hún legði til fjármagn til að koma lauginni aftur í gang,“ segir Einar en fleiri hugði á björgun laugarinnar.

Meðan Einar beið eftir svari frá bankanum heyrði hann af átaki Suðurverks, sem mokaði upp úr lauginni með stórvirkum vinnuvélum um miðjan maí, með dyggri hjálp sjálfböðaliða sem sameinast höfðu í áhuga sínum á Seljavallalaug á Facebook-síðu. „Þetta þótti mér gott framtak enda gaf Suðurverk alla sína vinnu,“ segir Einar.

Þótt laugin væri orðin nothæf var enn margt ógert að mati Einars. Hann fékk fjármagn frá bankanum til að ráða verktaka til að skipta um þak á lauginni. Einnig var mikil vinna unnin í búningsaðstöðu og sett ný klæðning, enda ekki vanþörf á. Þá var lögð ný lögn í laugina, enda hafði sú gamla skemmt í gegnum tíðina. „Það var Óskar Pálsson hjá verktakafyrir-



VINNA GOTT VERK Sjálfböðaliðar máluðu og þrifu.

tækinu Krappa á Hvolsvelli sem sá um þá vinnu,“ segir Einar, en Páll, faðir Óskars, var lengi umsjónarmaður laugarinnar.

Í lok júlí lagði síðan hópur sjálfböðaliða úr röðum starfsmanna Arion banka

auk fulltrúa frá ungmennafélaginu Eyfellingi loka hönd á verkið með því að mála laugina og þaðúsið, þrifa og sópa. Arion banki stóð fyrir ferðinni og lagði til fararskjóta, áhöld og mat fyrir starfsfólki.

- 5g



Okkar ástkæra

Katrín Ingimarsdóttir

andaðist 7. ágúst 2011. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík í dag, miðvikudaginn 17. ágúst, kl. 13.00. Allur ágóði rennur til líknardeildarinnar, sem hefur reynst fjölskyldunni ákaflega vel í veikindum Katrínar. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á að heita á börnin hennar sem ætla að hlaupa til styrktar líknardeild Landspítalans í Kópavogi í Reykjavíkumaraþoninu (vefsíða: hlaupastyrkur.is – nafn hóps: Í minningu Katrínar).

Ingibjörg Kristín Halldórsdóttir
V. Ester Straumberg Halldórsdóttir
Kristinn Ingi Halldórsson

Ingimar G. Jónsson

Vigdís Ester Eyjólfssdóttir

systkini, makar og aðrir aðstandendur



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og veittu okkur styrk í veikindum og við fráfall okkar ástkæra

Alfreds J. N.

Styrkárssonar

Víðihvammi 16.

Sérstakar þakkir færur við Starfsfólki deildar 11E Landspítala við Hringbraut og Heimaþjónningu Karitas fyrir einstaka umönnun.

Fyrir hönd ástvina,
Kistrún Júlíusdóttir og Alexandra Inga Alfredsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Unnur Stefánsdóttir

leikskólakennari,
Kársnesbraut 99, Kópavogi,

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 8. ágúst. Útför hennar fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 19. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar látinu er bent á Ljósið eða Samtök heilsuleikskóla.

Hákon Sigurgrímsson

Finnur Hákonarson

Grímur Hákonarson

Harpa Dís Hákonardóttir

Ísadóra Ísfeld Finnsdóttir

Rósa Birgitta Ísfeld

Halla Björk Kristjánsdóttir



Innilegar þakkir fyrir hlýhug og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ragnheiðar S. Jónasdóttur

Álfhólsvégi 84, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Grund fyrir alúðlega umönnun.

Ólöf B. Þorleifsdóttir

Brynjar S. Þorleifsson

Eva H. Þorleifsdóttir

Vilhjálmur Þorleifsson

Leifur H. Þorleifsson

Gróa K. Þorleifsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn

Guðmundur H.
Kjartansson

Hlíf B. Óskarsdóttir

ÁFRAM NÁMSMENN!

Eymundsson

Eymundsson

Vandaðar Eastpak töskur
sem endast!

VIÐSKIPTAVINIR
EYMUÐSSON FÁ
FRÍMÍÐA Á SUBWAY
EF VERSLAÐ ER FYRIR
5.000 KR. EDA MEIRA.

í

Veldu þér
þó tommu bát
að eigin vali.



Gildir á Subway stöðum um land allt fyrir 5. september.

Eymundsson
Búnað frá 1872

Verð frá
9.999
krónum

Tölvutöskur, bakpokar
og hliðartöskur.



SKOÐAÐU
ÚRVALIÐ Á
EYMUÐSSON.IS



**NÁMSBÆKUR
SKIPTIBÆKUR
ENGIN BIÐRÖÐ!**

Í vefverslun **Eymundsson.is**
getur þú auðveldlega nálgast
námsbækurnar þegar þér
hentar.

EYMUÐSSON.IS

HAFÐU ÞAÐ
EINFALT OG
ÞÆGILEGT

Eymundsson

Bóksali frá 1872

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. jurt, 6. komast, 8. í viðbót, 9. frændbálkur, 11. aðgæta, 12. gafli, 14. einkennis, 16. borðaði, 17. meðvitundarleysi, 18. festing, 20. mun, 21. eldhúshald.

LÓÐRÉTT

1. hvæs, 3. guð, 4. brá, 5. hallandi, 7. tala, 10. saur, 13. fley, 15. högg, 16. spíra, 19. sjúkdómur.

LAUSN

Stuð, 16. ála, 19. ms.

5. ská, 7. áttatíu, 10. tað, 13. far, 15.

LÓÐRÉTT: 1. fnæs, 3. ra, 4. augnlök,

LÁRÉTT: 2. gras, 6. ná, 8. auk, 9. ætt,

11. gá, 12. stefn, 14. aðals, 16. át, 17.

rot, 18. lím, 20. ku, 21. ausa.



Menningarnótt í hnotskurn

Sérstakt aukablað um Menningarnótt fylgir Fréttablaðinu á morgun. Í blaðinu er fjallað um helstu viðburði og dagskráin birt í heild sinni.

Geymið blaðið.



Allt sem þú þarft

SKAPANDI SKRIF

með Þorvaldi Þorsteinssyni

Skráning hafin á síðasta námskeið ársins;

22. ág. – 2. sept.
nokkur sæti laus

Njóttu hvetjandi leiðsagnar um lendar sagnamennsku og skrifa með einu reyndasta leikskáldi og barnabókahöfundu þjóðarinnar.



Nýlegar umsagnir þátttakenda:

“Þetta er eitthvað miklu meira en námskeið. Og um eitthvað miklu meira en skrif. Hreinlega magnað.”

“Ég lærði að nýta mér eiginleika sem ég bjó yfir og vissi ekki einu sinni að ég ætti till!”

“Þetta er það besta sem ég hef gefið sjálfri mér.”

Nánari uppl. og skráning hjá ropeyogasetrid.is og kennsla.is

Arnaldur Indriða og lambakjötið

BAKÞANKAR Sifjar Sigmarsdóttur

Það var fyrir framan smurostadeildina sem ég varð fyrir opinberuninni. Ég hafði lofað „gúrme“ veislu, lambalæri með geitaostafyllingu eftir uppskrift úr erlendri kokkabók. Ekki leið þó á löngu uns í ljós kom að ég hafði lofað upp í ermina á mér. Í versluninni voru ekki til lambalæri. Þau höfðu líklega öll verið flutt til útlanda. Enginn geitaostur fannst heldur. Hann hafði líklega aldrei verið fluttur inn. Stöð inni í matvælakælinum í Bónus, þar sem kuldinn er svo mikill að ekki aðeins varnir líkamans síga heldur einnig mörk þess sem telst félagslega viðtekið, byrjaði ég að hrópa: „Bólvaða tollavarda, ríkisstyrkta landbúnaðarkerfið ... forpokaðir landbúnaðar-lobbistar ... samkeppnisskerta einokunarsamfélag ...“ Eiginmaðurinn þoldi greinilega kuldann betur. Enn annt um álit samborgara sinna tók hann að roðna og rétta að mér matvörur af handahófi. „Uss. Við finnum bara eitthvað annað. Hér er kjúklingur. Og þarna er smurustur.“ Ég var við það að láta hann heyra það þegar upp rann fyrir mér ljós.



TÖLUVERT hefur farið fyrir umræðu um leiðir ríkisins til að vernda innlendan landbúnað með tollum og styrkjum. Eins og málið snýr að óbreyttum neytendum virðist oft sem hagsmunum fárra framleiðenda sé hampað á kostnað borgaranna.

Vegna búvörkerfisins fengju matargestir mínir til að mynda ekki sælkeramálftöina sem þeim hafði verið lofuð heldur kjúkling með beikonsmurosti.

HVAÐ ÞAÐ var við ostinn sem olli því að mér varð hugsað til fyrstu bókarinnar sem ég fékk útgefna – ónáttúrulega bleikt boxið; tilhugsunin um svinið sem átti sér eflaust háleitt markmið um að meika það sem hamborgarhryggur en endaði sem bragðlítið kurl í smuráleggi – skal ég ekki segja. En hugmyndin var byltingarkennd: Fyrst haftastefna taldist grundvöllur blómstrandi landbúnaðar, hvers vegna ekki að beita þessu fína kerfi á fleiri þætti samfélagsins til að tryggja framgang þeirra? Sem rithöfundur má segja að ég sé framleiðandi. Mætti ekki hlúa að framleiðslu íslenskra rithöfunda með því að banna þýðingar á erlendum bókmenntum á þeim forsendum að þær grafi undan atvinnuöguleikum innlendra höfunda? Ef innfluttar kjötvörur eru taldar ógn við íslenskt lambakjöt, hvers vegna er Dan Brown ekki ógn við Arnald Indriðason? Og hvað með Menningarnótt sem fer fram um næstu helgi? Þar koma fram innfluttir listamenn sem munu draga úr heimsóknum á íslenska viðburði. Má ekki bara setja toll á þá til að halda þeim frá?

EN SVO bráði af mér heilakulið sem hlaut af verunni í kælinum í Bónus...

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



ÚTIVISTAR- SPRENGJA!

Á VÖLDUM VÖRUM Í LINDUM OG Á BÍLDSHÖFÐA



(fullt verð 19.990)

9.990

MCKINLEY APLIT JACKET

Útivistarjakkí með góðri öndun og 5.000 mm vatnsheldni. Litir: Hvítur, bleikur. Dömustærðir.



(fullt verð 13.990)

7.990

ALTITUDE CAIO SWEATER

Rennd hettupeysa úr bómull. Dömustærðir.



(fullt verð 6.990)

3.990

ALTITUDE QUINCY PIQUE

Pólóbolur úr bómull. Dömustærðir.

VERÐÐÆMI
DÖMUR



(fullt verð 19.990)

9.990

BERGHAUS STRATOS JACKET

Regnheldur útivistarjakkí með góðri öndun. Herrastærðir.



(fullt verð 6.990)

3.490

MCKINLEY GABRIEL FUNCTION SWEATER

Rennd útivistarpeysa. Herrastærðir.

VERÐÐÆMI
HERRAR



(fullt verð 15.990)

7.990

MCKINLEY GPS JACKET

Renndur softshell-jakkí með hettu og þunnu flísfóðri. Herrastærðir.

 **INTERSPORT**

Tilboðin gilda til 22. ágúst 2011 / www.intersport.is / ÞAD ER SPORT AÐ SPARA

mid.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

HÖRKU SPENNUMYND FRÁ LEIKSTJÓRA IRON MAN

POWERSYNING KL. 10.00

M.M.J. - kvikmyndir
TV - kvikmyndir

COWBOYS & ALIENS

BRIDESMAIDS

LAUGARÁSBÍÓ Síningartímar
COWBOYS & ALIENS 5, 7.30 og 10 (POWER)
STRUMPARNIR - 3D 4 og 6 - ISL TAL
STRUMPARNIR - 2D 4 - ISL TAL
CAPTAIN AMERICA - 3D 8 og 10.30
BRIDESMAIDS 7.30 og 10

SAMBIÓN



LAUGARÁSBÍÓ Síningartímar

STRUMPARNIR RubyTuesday

ALIENS

STÖRKOSTLEGAR TÆKNIBRELLUR

HORRIBLE BOSSES

RISE OF THE PLANET OF THE APES

ALFABAKKA	EGILSHÖLL
LARRY CROWNE kl. 5:50 - 8 - 10:20 2D 7	COWBOYS & ALIENS kl. 8 - 10:40 2D 13
LARRY CROWNE LUXUS VIP kl. 8 - 10:20 2D 13	THE SMURFS kl. 2:30 2D 10
COWBOYS & ALIENS kl. 5:30 - 8 - 10:30 2D 14	THE SMURFS kl. 2:30 - 5 3D 10
GREEN LANTERN kl. 5:40 - 8 - 10:20 2D 12	RISE OF THE PLANET OF THE APES kl. 8 - 10:30 2D 12
HORRIBLE BOSSES kl. 8 - 10:20 2D 12	BÍLAR 2 kl. 2:30 3D 10
HORRIBLE BOSSES LUXUS VIP kl. 5:30 2D 13	COWBOYS & ALIENS kl. 5:20 2D 13
BÍLAR 2 kl. 5:30 3D 10	HORRIBLE BOSSES kl. 8 2D 12
BÍLAR 2 kl. 5:30 2D 10	CAPTAIN AMERICA kl. 10:20 3D 10
HARRY POTTER kl. 8 - 10:40 2D 12	BÍLAR 2 kl. 2:30 2D 12
	GREEN LANTERN kl. 5:20 - 10:45 3D 12
	HARRY POTTER kl. 8 3D 12
KRINGLUNNI	AKUREYRI
LARRY CROWNE kl. 6 - 8 - 10:10 2D 7	GREEN LANTERN kl. 5:40 - 10:30 3D 10
SMURFS kl. 3:40 - 5:50 3D 10	LARRY CROWNE kl. 8 2D 10
SMURFS kl. 3:40 - 5:50 2D 10	CARS 2 BÍLAR 2 kl. 5:40 2D 10
GREEN LANTERN kl. 10:30 3D 10	HORRIBLE BOSSES kl. 8 2D 12
HORRIBLE BOSSES kl. 8 - 10:20 2D 12	HARRY POTTER kl. 10:10 2D 12
HARRY POTTER kl. 8 3D 12	
BÍLAR 2 kl. 3:30 3D 10	SELFOSS
	COWBOYS & ALIENS kl. 8 - 10:30 14
	FRIENDS WITH BENEFITS kl. 8 12
	GREEN LANTERN kl. 10:30 12

SMÁRABÍÓ **HÁSKÓLABÍÓ**

TÖLD 3D FULLKOMIN GÆÐI!

Anne Hathaway Jim Sturgess

One Day

Tuttugu ár. Tvær manneskjur. Einn dagur...

***** ÖMISSANDI EPÍSK RÓMANTÍSK - HARPER'S BAZAAR

mid.is

L LÚXUS RÓMANTÍSK STÓRMÝND EINS OG ÞÆR GERAST BESTAR. BYGGD Á SAMNEFNDRI METSÖLUBÓK

STRUMPARNIR RubyTuesday

SÝND Í 2D OG 3D MED ÍSLENSKU TALI OG ENSKU TALI Í 2D

STRUMPARNIR FARA Á KOSTUM! mid.is

ALIENS mid.is


PLANET APES mid.is

SMÁRABÍÓ	HÁSKÓLABÍÓ
ONE DAY KL. 5.30 - 8 - 10.30 L	ONE DAY KL. 5.30 - 8 - 10.30 L
ONE DAY LÚXUS KL. 5.30 - 8 - 10.30 L	STRUMPARNIR 3D ÍSL.TAL KL. 5.40 L
COWBOYS AND ALIENS KL. 5.25 - 10.20 14	THE SMURFS 2D ENS. TAL KL. 5.40 - 8 - 10.20 L
STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL KL. 3.20 - 5.40 - 8 L	CAPTAIN AMERICA 3D KL. 8 - 10.35 12
STRUMPARNIR 2D ÍSL. TAL KL. 3.20 - 5.40 L	RISE OF THE PLANETS OF THE APES KL. 5.40 - 8 - 10 2D 12
RISE OF THE PLANETS OF THE APES KL. 8 - 10.20 12	
FRIENDS WITH BENEFITS KL. 8 - 10.20 12	BORGARBÍÓ
	STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL KL. 6 L
	COWBOYS AND ALIENS KL. 8 - 10.15 14
	CAPTAIN AMERICA 3D KL. 8 12
	RISE OF THE PLANET OF THE APES KL. 6 - 10 12

facebook / smarabio • facebook / haskolabio



FÉLAGAR Stjörumukkurinn Gordon Ramsay afhenti vini sínum David Beckham verðlaun fyrir störf sín í þágu íþróttanna.



IDOL Söngvarinn Adam Lambert, sem er hvað þekktastur fyrir að bera sigur úr bytum í Idol-keppninni fyrir nokkrum árum, var í sínu finasta þússi.

Í GULLBUXUM Á VERÐLAUNAHÁTÍÐ

Það líður varla dagur án þess að rauði dregillinn sé dreginn út í Hollywood. Um helgina stóð sjónvarpsstöðin VH1 fyrir hátíðinni Do Something Awards eða „Gerðu eitthvað verðlaunin“. Þeir frægu einstaklingar sem hafa látið gott af sér leiða í þágu samfélagsins og góðgerðamála á árinu fá verðlaun í formi peningaupphæðar sem renna svo til góðs málefnis að eigin vali. Stjörnur á borð við David Beckham og Justin Bieber fengu verðlaun, en Bieber vakti athygli í gullbuxum og brosti fyrir myndavélina ásamt vinkonu sinni Kim Kardashian. Fyrirsætan og þáttastjórnandinn Tyra Banks mætti hress í samfestingi.



GULLBUXUR Justin Bieber fékk verðlaun fyrir að láta gott af sér leiða í tónlistarbransanum, en hér er hann í gullbuxum með Kim Kardashian.

KÆRUSTUPAR Leikararnir Kristen Bell og Dax Shepard mættu ástfangin upp fyrir haus.

Í TÍSKUNNI Tyra Banks var hress í litríkum samfestingi, en hún fékk verðlaun fyrir að beita sér í tískuheiminum.

Frábær lagasmiður sem á nóg inni

Tónlist ★★★★★
Winter Sun
Snorri Helgason

Snorri Helgason vakti fyrst athygli sem einn af söngvurum og lagasmiðum Sprengjuhallarinnar en eftir að hún hætti störfum sneri hann sér að sólóferli. Fyrsta platan hans, I'm Gonna Put My Name On Your Door sem kom út árið 2009, fékk finar móttökur og festi hann í sessi sem lagasmið og nú er önnur platan komin út.

Winter Sun er um margt áþekkt fyrri plötunni. Lagasmiðarnar eru vandaðar og útrældar og yfirbragðið er mjúkt og þægilegt. Það sem gerir nýju plötuna hins vegar meira spennandi en þá fyrri er útsetningarnar. Það var



Sindri Már Sigfússon úr Seabear og Sin Fang sem stjórnaði upptökunum. Eins og hann hefur margsýnt á sínum eigin plötum er Sindri snillingur í hljóðverinu – bæði hugmyndaáríkur og næmur á flottan hljóð. Snorri og Vetrarsólin hans njóta góðs af því. Ýmis

smáatriði setja svip sinn á lögin og gefa plötunni karakter. Bergmáls-hljómurinn í Boredom er dæmi um svona smáatriði, píanóleikurinn í Winter Sun # 2 er annað dæmi, hljóðeffektarnir í Caroline Knows eru enn eitt dæmið og það sama má segja um bakraddirnar í smáskífulaginu River. Raddútsetningararnar á plötunni eru reyndar allar mjög vel heppnaðar.

Á heildina lítið er Winter Sun frábær plata. Snorri er ennþá að vaxa sem lagasmiður og útsetningar, söngur og annar flutningur styrkja lögin á plötunni enn frekar. Ein af bestu plötum ársins til þessa.

Niðurstaða: Lagasmiðurinn Snorri Helgason og upptökustjórninn Sindri Már Sigfússon skapa saman frábæra plötu.

BÍÓ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

MIDVIKUDAGUR: ■ ANIMAL KINGDOM 17:50, 20:00, 22:10 ■ KILLING BONO 17:50, 20:00, 22:10 ■ MONSTERS 18:00, 20:00 ■ HOWL 22:00 ■ DRAUMURINN UM VEGINN, 1. HLUTI (DREAM OF THE WAY, PART 1) 18:00 ■ 101 REYKJAVIK 20:00 ■ MAÐUR EINS OG ÉG (A MAN LIKE ME) 22:00

ÍSLENSKUR TEXTI ENGLISH SUBTITLES



HILARY DUFF Leikkonan úr *Gossip Girl* er ólétt af sínu fyrsta barni.

Hilary Duff á von á barni

Leikkonan úr sjónvarpsþáttunum *Gossip Girl* og barnastjarnan Hilary Duff er ólétt af sínu fyrsta barni. Duff, sem er 23 ára gömul, staðfesti fregnirnar á heimasíðu sinni á sama degi og hún átti eins árs brúðkaupsafmæli. Duff er gift hokkileikmanninum Mike Comrie.

Í kjölfar fréttanna skrifaði leikkonan vinsæla síðan á samskiptavefnum Twitter: „Vá, ég er orðlaus yfir öllum frábæru kveðjunum sem við höfum fengið í dag. Þúsund þakkir.“

Seacrest á Kanann

Útvarpsstöðin Kaninn hyggst hefja beinar útsendingar frá þætti Ryans Seacrest, *American*



RYAN SEACREST

Top 40, á næstunni. Þættirnir hafa verið sagðir þeir vinsælustu í heimi en Seacrest fær til sín stærstu stjórnurnar í bandaríska skemmtanabransanum. Ryan Seacrest er eflaust

þekktastur fyrir að vera kynnir í *American Idol*-raunveruleikaþáttunum sem sýndir hafa verið á Stöð 2 við miklar vinsældir. *American Top 40* hefur göngu sína um mánaðamótin.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Miðvikudagur 17. ágúst 2011

→ Tónleikar

12.00 Kjartan Sigurjónsson leikur á orgel Dómkirkju Krists konungs í Landakoti á orgelandakt á hádegi. Aðgangur er ókeypis.

21.00 3Klassískar og prúðbúinn píanisti verða með tónleika á **Café Flóru** í Grasagarðinum, Laugardal. Aðgangseyrir er kr. 2.000 en kr. 1.500 kr fyrir eldri borgara og námsmenn.

22.00 Benni Hemm Hemm heldur sína fyrstu tónleika á Íslandi á þessu ári á **Faktörý**. Einnig kemur fram hljómsveitin **Markús & The Diversion Sessions**. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

→ Leiklist

18.00 Leikhópurinn Lotta sýnir leikritið **Mjallhvíti og dvergana sjó** í hólmánum í **Ellidáardal**. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

→ Opnanir

17.00 Sýningin **Vídjóleigan** er opnuð í Menningarmiðstöðinni **Gerðubergi**. Myndlistahópurinn sem sýnir er skipaður stúlkum á aldrinum 14-16 ára frá félagsmiðstöðinni Tíunni. Allir velkomnir.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Sigurjón með De Niro til Toronto

„Þetta er dýrasta óháða kvikmyndin í Bandaríkjunum árið 2010, hún kostaði 65 milljónir dala,“ segir Sigurjón Sigvatsson kvikmyndaframleiðandi.

Kvikmynd hans, *Killer Elite*, hefur verið valin inn á kvikmyndahátíðina í Toronto þar sem hún verður frumsýnd 10. september í svokölluðum gala-flokki.

Myndin hefur verið Sigurjóni mikið hjartans mál en hún byggir á bók sersveitarmannsins Sir Ranulph Fiennes sem kom út 1993. Hún olli miklu fjaðrafoki á sínum tíma þar sem í henni var meðal annars ljóstrað upp um tilvist SAS-sersveitanna, en bresk stjórnvöld höfðu alla tíð neitad að staðfesta að þær væru til. Myndin segir frá því þegar liðsmenn SAS-sersveit-

anna eru hundeltir af leigumörðingjum og skartar stórleikurum á borð við Clive Owen, Jason Statham og Robert De Niro í aðalhlutverkunum.

Sigurjón verður á miklu flandri í september því að lokinni frumsýningu í Kanada verður stór og mikil frumsýning í New York að viðstöddum öllum helstu stjórnunum 14. september. „Og svo verður farið í alla helstu spjallþættina, *Leno* og *Letterman*.“ Myndin verður frumsýnd á Íslandi 7. október næstkomandi.

-fgg



Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP Sigurjón Sigvatsson verður í góðum félagsskap í september þegar kvikmyndin *Killer Elite* verður frumsýnd í Kanada. Robert De Niro, Jason Statham og Clive Owen verða meðal gesta enda leika þeir aðalhlutverkin í myndinni.

Framúrskarandi íslenskt

*Búum við á besta stað
blessa skyldum kúna
Íslendingar eiga það
sem aðra vantar núna*

*Öllum standa opnar dyr
andans kraft skal virkja
þá er best að borða skyr
búinn til að styrkja*

HÍVA HÚSID / SÍA



SÖLVI GEIR OTTESEN varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark þegar lið hans, FC Kaupmannahöfn, tapaði fyrir Viktoria Plzen frá Tékklandi, 3-1, í forkeppni Meistaradeildar Evrópu í gær. Sólvi skoraði reyndar einnig mark FCK í leiknum en liðin mætast á ný í Tékklandi í næstu viku.

ÚRSLIT

Pepsi-deild kvenna

ÍBV - KR	4-0
Berglind Björg Þorvaldsdóttir 2, Kristín Erna Siguríasdóttir, Vesna Smiljković.	
Breiðablik - Fylkir	2-1
Rakel Ýr Einarsdóttir, Fanndís Friðriksdóttir – Anna Björg Björnsdóttir.	
Valur - Afturelding	4-0
1-0 Laufey Ólafsdóttir, 2-0 Rakel Logadóttir, 3-0 Kristín Ýr Bjarnad., 4-0 Hólmfríður Magnúsdóttir.	

STAÐA EFSTU LIÐA

Stjarnan	14	13	0	1	40-12	39
Valur	14	10	2	2	39-11	29
ÍBV	14	8	3	3	30-9	27
Þór/KA	14	7	2	5	24-27	23
Breiðablik	14	6	2	6	25-26	20

1. deild karla

ÍR - ÍA	1-1
1-0 Árni Freyr Guðnason (28.), 1-1 Hjörtur Júlíus Hjartarson (53).	
Víkingur Ó. - HK	3-0
Artjoms Goncars 2, Matarr Jobe 1.	
Selfoss - Þróttur	0-1
Oddur Björnsson.	
Bí/Bolungarvík - Leiknir	1-0
1-0 Tomi Ameobi, viti (42.).	
Haukar - Grótta	0-0

STAÐAN

ÍA	17	14	2	1	44-9	44
Selfoss	17	10	2	5	31-15	32
Bí/Bolungarv.	17	8	4	5	22-25	28
Haukar	17	7	5	5	21-17	26
Þróttur	17	8	2	7	22-31	26
Víkingur Ó.	17	7	4	6	24-20	25
Fjölnir	16	6	6	4	24-25	24
KA	16	6	2	8	21-27	20
Grótta	17	4	7	6	14-20	19
ÍR	17	4	4	9	20-31	16
Leiknir	17	3	4	10	22-25	13
HK	17	0	6	11	14-34	6

Klárur tímabilið með sæmd

Valur, ÍBV og Breiðablik unnu öll sigra í Pepsi-deild kvenna í gær. Stjarnan samt með örugga forystu á toppi deildarinnar. „Við gerum okkur grein fyrir því að það er á brattann að sækja,“ sagði Gunnar Rafn Borgþórsson, þjálfari Vals.

FÓTBOLTI Valur og ÍBV gáfu ekkert eftir í toppbaráttu Pepsi-deildar kvenna í gær, en bæði lið unnu 4-0 sigra á sínum andstæðingum. Valur vann Aftureldingu á heimavelli og þá vann ÍBV lið KR í Vestmannaeyjum. Í þriðja leiknum vann Breiðablik nauman sigur á Fylki, 2-1, en bæði lið eru um miðja deild.

Stjarnan er þó með sjö stiga forystu á toppi deildarinnar þegar fjórtán af átján umferðum er lokið. Fátt virðist því geta komið í veg fyrir að Garðbæingar vinni titilinn í ár.

„Við gerum okkur grein fyrir því að það er á brattann að sækja. En við ætlum samt að klára tímabilið með sæmd,“ sagði Gunnar Rafn Borgþórsson, þjálfari Vals, eftir leikinn í gær. „Við höfum farið inn í síðustu daga og vikur með hógværð og munum halda áfram að taka einn leik fyrir í einu.“

Valur er í öðru sæti með 32 stig en ÍBV kemur síðan í því þriðja, fimm stigum á eftir. „Við megum samt ekki gleyma því að það er Evrópusæti í boði fyrir liðið sem verður í öðru sæti og við munum berjast fyrir því sæti,“ bætti Gunnar Rafn við.

Jón Ólafur Daníelsson, þjálfari ÍBV, var ánægður með sína leikmenn í gær. „Við spiluðum virkilega vel og ég er ánægður með leik liðsins,“ sagði hann eftir sigurinn á KR. ÍBV á enn eftir að spila við bæði Val og Stjörnuna og ætlar að gera atlögu að öðru sætinu. „Það verður erfitt en við munum gera allt það sem við getum til að ná því.“

Jón Ólafur segir þó að það gleymist oft að ÍBV sé nýliði en hann er ánægður með tímabilið til þessa. „Við unnum fyrstu fjóra leikina og svo kom kaflur þar sem ekkert féll með okkur. En þrátt fyrir mótlætið fannst mér við halda haus. Við vorum með nýtt lið í höndunum í vor og erum sátt við árangurinn í sumar. Þetta veit á gott,“ sagði hann.



SKORAÐI Theo Walcott fagnar marki sínu í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Meistaradeild Evrópu: Erfitt verkefni Arsenal á Ítalíu

FÓTBOLTI Arsenal fer með 1-0 forystu í síðari leikinn gegn Udinese í forkeppni Meistaradeildar Evrópu. Þeir ensku unnu nauman sigur í Lundúnum í gær, en Theo Walcott skoraði eina mark leiksins á fjórðu mínútu.

Udinese komst nálægt því að skora í leiknum og fyrirliðinn Antonio Di Natale átti til að mynda skot í slá, beint úr auka-spyrnu.

Walcott komst reyndar nálægt því að skora aftur í leiknum en markvörður Udinese varði vel frá honum. „Við gerðum okkar allra besta í kvöld,“ sagði hann eftir leikinn. „Við áttum það til að skilja eftir svæði opin í leiknum en við höfum samt fulla trú á því að við getum farið til Ítalíu og unnið þar. Það mikilvæga var að við héldum hreinu í kvöld.“

Þeir Kieran Gibbs og Johan Djourou meiddust í leiknum í gær. - esá



LIPUR MEÐ BOLTANN Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði eitt marka Vals gegn Aftureldingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Valur mætir KR í úrslitum Valitor-bikars kvenna á laugardaginn og segir Gunnar Rafn að leikmenn séu spennir fyrir leiknum. „Við nýttum leikinn í kvöld til að hvíla leikmenn og gefa öðrum tækifæri. Ég fann það strax í upphitun að stelpurnar eru bæði frískar og spenntar. Skemmtilegasti leikur ársins er um helgina og við munum einbeita okkur að honum fram að helginni. En það er gott að vita af því að leikmennirnir eru á tánum.“ eirukur@frettabladid.is

1.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT:
1.000 MILLJÓNIR



Gulir og glaðir í efstu deild

Skagamenn tryggðu sér í gær sæti í Pepsi-deild karla fyrir næstu leiktíð með því að gera 1-1 jafntefli við ÍR á útivelli. ÍA lék síðast í efstu deild árið 2008 en þetta gamla stórveldi er komið nú aftur í hóp þeirra bestu á Íslandi. „Mér líður yndislega,“ sagði þjálfarinn.

FÓTBOLTI Skagamenn komust í gærkvöldi upp í efstu deild karla í knattspyrnu er liðið gerði 1-1 jafntefli við ÍR í Breiðholti. Eitt stig dugði fyrir gestina frá Akranesi, en þegar fimm umferðum er ólokið hefur ÍA tryggt sér sæti í deild meðal þeirra bestu, sem verður að teljast frábær árangur.

ÍR-ingar komust yfir í leiknum með marki frá Árna Frey Guðnasyni, sem setti boltann í netið beint úr aukaþyrnu. Tíu mínútum síðar fengu Skagamenn dæmda vítaspyrnu. Hjörtur Júlíus Hjartarson tók spyrnuna en Róbert Örn Óskarsson, markvörður ÍR, varði virkilega vel og því var staðan 1-0 fyrir heimamenn í leikhléi.

Það var aðeins eitt lið á vellinum í síðari hálfleik og Hjörtur Júlíus náði að bæta fyrir mistökinn í byrjun hálfleiksins þegar hann potaði boltanum í netið eftir hornspyrnu. Skagamenn hefðu hæglega getað skorað fleiri mörk í leiknum en 1-1 jafntefli var niðurstaðan.

„Mér líður virkilega vel með að vera komnir í efstu deild,“ sagði Reynir Leósson, fyrirlíði ÍA, eftir leikinn í gær.

„Þetta var samt sem áður ekkert merkilegur leikur að okkur hálfu en við náðum í stig og það var nóg. Þrátt fyrir að eiga nokkuð slæman leik vorum við töluvert sterkari aðilinn. Við áttum að hirða öll stigin hér í kvöld og fengum heldur betur dauðafærin til þess, en það vantaði eitthvað upp á.“

„Það hefði verið skemmtilegra að vinna leikinn, en mér líður alveg yndislega samt sem áður,“ sagði Þórður Þórðarson, þjálfari ÍA, eftir



HOPPAÐ AF KÆTI Skagamenn fagna Pepsi-deildarsætinu í Breiðholti í gær. Markaskorari Hjörtur Hjartarson er fyrir miðri mynd.

leikinn í gær. „Við vorum miklu sterkari aðilinn í kvöld og sköpuðum okkur heilan helling af færum, bara klaufar að klára ekki leikinn. Núna er næsta skref að spila í efstu deild og ná einhverjum stöðugleika þar, síðan er aldrei að vita hvað gerist.“

„Við vissum það svona nokkurn veginn fyrir þennan lokaspött að sætið í efstu deild væri svo gott sem tryggt, en við þurftum að klára dæmið og það

gekk í kvöld,“ sagði Hjörtur Júlíus Hjartarson, markaskorari ÍA, eftir leikinn í gær. „Ég hef ekkert gefið það út hvort ég leiki með Skagamönnum á næsta tímabili en líklega verða þeir án mín, maður veit samt aldrei.“

ÍA er átjánfaldur Íslandsmeistari í knattspyrnu og varð síðast meistari árið 2001. Liðið hefur orðið bikar-meistari níu sinnum.

- sáþ



Orkuveita Reykjavíkur

TIL SÖLU
Ef viðunandi tilboð fæst:



Rafstöðvarvegur 9 í Elliðaárdal

Fastanúmer 204-4091 og 201-4091

Um er að ræða húsnæði sem byggt var á árinu 1968 auk glerskála sem byggður var 2007.

Samtals 1618,6 fm atvinnuhúsnæði á besta stað í Elliðaárdal í Reykjavík. Húsið er á 2 hæðum auk kjallara og 200 fm glerskála.

Lóðin er samtals 8400 fm og er hún sameiginleg með Fornbílaklúbnum.

Auðvelt er að skipta húsinu upp í nokkra rekstrareiningar.

Húseignin verður til afhendingar nýjum eiganda 15. september 2011.

Kvaðir eru á lóðinni um lagnir, strengi og búnað OR.

Kauptilboðsblað og sölulýsingu er hægt að sækja á vefsíðu Orkuveitunnar

<http://www.or.is/UmOR/Eignasala/>

Húsnæðið verður til sýnis áhugasömum kaupendum eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar gefa eftirfarandi starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur:

Hannes Frimann Sigurðsson í síma 516-6690

Ólafur Þór Leifsson í síma 516-6334

Kauptilboðum skal skila á móttökuborð í höfuðstöðvum Orkuveitu

Reykjavíkur að

Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík fyrir kl. 12.00 miðvikudaginn 31. ágúst 2011

Orkuveita Reykjavíkur áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum í eignina.

ORES-2011-05-01.

100.000.000
+900.000.000

100.000.000

Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 900 milljónir.

Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is

V Í K I N G A
LOTTO

ALLTAF Á MIDVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 17. ÁGÚST 2011

A.	12	14	17	21	41	48
B.	05	16	23	36	37	38
C.	07	09	13	22	34	38
D.	03	06	19	24	25	31
E.	11	19	21	25	38	42
F.	01	25	35	36	39	46
G.	18	19	20	23	28	46
H.	22	27	29	39	40	42



Í KVÖLD



STÖÐ 2 SPORT KL. 20.50
Barcelona - Real Madrid

Bein útsending frá seinni leik Barcelona og Real Madrid í Supercopa (Meistarar meistaranna) á Spáni. Fyrri leiknum lauk með 2-2 jafntefli í Madrid og það verður allt lagt undir í þessum leik.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunfrúin 06.40 Veðurfregnir 06.50 Bæen 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnir 10.13 Trío 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 12.50 Dánarfregnir 13.00 Í boði náttúrunnar 14.00 Fréttir 14.03 Tónleikur 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpssagan: Hver myrði Móló? 15.25 Skorningar 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Eyðibýlið 17.00 Fréttir 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Í lok dags 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfregnir 19.00 Stefnunót 20.00 Leynifélagið 20.30 Ut um græna grundu 21.30 Kvöldsgagan: Ofvitinn 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregnir 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Konungur slaghörpunnar: Franz Liszt 23.05 Flakk 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

BBC entertainment

08.00 Monarch of the Glen 08.50 The Inspector Lynley Mysteries 09.40 The Inspector Lynley Mysteries 10.25 EastEnders 10.55 Keeping Up Appearances 11.25 Monarch of the Glen 12.15 Keeping Up Appearances 12.45 The Inspector Lynley Mysteries 13.30 The Inspector Lynley Mysteries 14.15 Deal or No Deal 14.55 Deal or No Deal 15.30 Deal or No Deal 16.00 Keeping Up Appearances 16.30 'Allo 'Allo! 16.55 'Allo 'Allo! 17.25 New Tricks 18.15 New Tricks 19.10 Top Gear 20.00 Live at the Apollo 20.45 Q!

DR 1

10.40 Grøn glæde 11.05 Vores Liv 11.35 Aftenshowet 12.30 Søren Ryge præsenterer 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Kommissær Wycliffe 14.00 Klassen 1. b 14.15 Carsten og Gittes Vennevilla 14.30 Shanes verden 15.00 Livet i Fagervik 15.50 DR Update - nyheder og vejr 16.00 Vores Liv 16.30 TV Avisen med Sport 17.05 Aftenshowet 18.00 Ved du hvem du er? 19.00 TV Avisen 19.25 SportNyt 19.30 Damages 20.20 Onsdags Lotto 20.25 Den nye boss 22.05 OBS 22.10 Kontakt til fortiden

NK1

09.05 Program ikke fastsatt 11.05 Landet Bortenfor 11.35 Bedre enn sitt rykte 13.00 Derrick 14.00 Sommeråpent 14.45 Ut i nærturen 15.00 Krøniken 16.00 Oddasat - nyheter på samisk 16.05 Nyheter på tegnspråk 16.10 Tilbake til 90-tallet 16.40 Distriktsnyheter 17.30 Min bjørnefamilie 18.20 Luftens helter 18.45 Vikinglotto 18.55 Distriktsnyheter 19.30 Sommeråpent 20.15 Mordene på Skårsø 21.15 Kveldsnytt 21.30 Afrikas ukjende historie 22.20 Klippen 23.15 På veg til Malung

svt1

13.10 Gomorron Sverige 14.00 Rapport 14.05 Strömsö 14.45 Schlagerpärlor 14.55 Allsång på Skansen 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Kockens omöjliga uppdrag 17.05 K-märkt form 17.10 Kulturmyterna 17.20 Sverige i dag sommar 17.30 Rapport 17.52 Regionala nyheter 18.00 Den vackraste ön 19.00 The Hour 20.00 Undercover Boss 20.45 Är du Jims fru? 21.40 Damages 22.20 Kylie Minogue - Aphrodite 23.50 Rapport 23.55 Mamma leker med dockor

FULLT AF LÁGUM FARGJÖLDUM LIGGJA Í LOFTINU

Bókaðu fyrir 29. ágúst 2011

Reykjavík →	Báðar leiðir frá*	Reykjavík →	Báðar leiðir frá*
Haugasund	Kr. 40,500	Brándheimur	Kr. 44,900
Bodø	Kr. 52,800	Tromsø	Kr. 52,800
Álasund	Kr. 44,900	Peking	Kr. 102,600
Bergen	Kr. 39,200	Tokyo	Kr. 104,800
Stafangur	Kr. 39,200		

*Öll fargjöld miðast við flug báðar leiðir, skattar og gjöld innifalin, verð miðast við 20. júlí 2011 og er háð framboði. Um helgar og á almennum frídögum getur framboð verið takmarkað. Ferðatímabil: 1. október – 31. mars 2012 nema Peking og Tokyo sem verður 1. nóvember – 31. mars 2012.

flysas.is

SAS Scandinavian Airlines

A STAR ALLIANCE MEMBER

REAL MADRID

EL CLÁSICO Í KVÖLD KL. 20:50 Á STÖÐ 2 SPORT



„Dekalog eftir Krzysztof Kieslowski, stórkostlegt sjónvarps-efni sem framleitt var af pólska sjónvarpinu og ég á á DVD. Og svo veðurfréttirnir á RÚV.“

Hafsteinn Gunnar Sigurðsson, leikstjóri myndarinnar Á annan veg.

Skrifar handrit að teiknimyndaseríu

Sigurjón Kjartansson og Hugleikur Dagsson eru að þróa nýja teiknimyndaseríu fyrir sjónvarp. Þeir unnu síðast saman að gerð gamanþáttaraðarinnar Hlemmavídeó en það er framleiðslufyrirtæki Sigurjóns, Ídea Filmcompany, sem hefur þáttaröðina á sinni könnu.

„Ég get ekki mikið tjáð mig um þetta, ætla bara að vísa á Sigurjón [Kjartansson] sem framleiðir þetta,“ segir Hugleikur Dagsson, sem fékk nýverið styrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands til að skrifa handritið að teiknimyndarþáttaröðinni, sem hefur verið gefið vinnuheimtið Hullinn. Hugleikur leyfir sér þó að efast um að Hullinn verði endanlegt nafn á verkefninu.

Sigurjón upplýsti í samtali við Fréttablaðið að um teiknimyndaseríu væri að ræða þar sem þættirnir yrðu tuttugu mínútur að lengd og

væru með sögupráð, ekki í sketsaformi eins og íslenskar teiknimyndir hafa yfirleitt verið til þessa. Hann sagði vinnu hans vegar vera skammt á veg komna, þeir væru að byrja að skrifa og þróa þetta. „Við látum okkur hins vegar dreyma um að fara í framleiðslu á þessu á næsta ári.“

Umrædd teiknimyndasería yrði mögulega sú fyrsta í íslenskri sjónvarpsögu í þessu formi, Hugleikur hefur hins vegar áður próf- að að teikna fyrir sjónvarp og gerði meðal stutta „sketsa“ í samstarfi við Tvíhöfða á PoppTV. „Þá voru teiknimyndirnar kynntar sem íslensk útgáfa af South Park. Þetta verkefni okkar er hins vegar ekkert slíkt, það er hvorki íslenskur Simpsons né South Park,“ segir Sigurjón.

- fgg



TEIKNIMYNDASERÍA Í FÆÐINGU Sigurjón Kjartansson og Hugleikur Dagsson vinna að þróun nýrrar teiknimyndaseríu sem gæti farið í framleiðslu á næsta ári.

NOTA LIFESTREAM TIL AÐ BÆTA ÁRANGUR MINN

- gefur mér aukid þol, laus við krampa og harðsperrur, flýtir endurheimt.



Stefán Guðmundsson læknanemi: Margfaldur Bikar- og Íslandsmeistari í 3000 m hindrunarhlaupi. Sigræði Powerade mótaröðina 2010 -11



lifestream™

www.celsus.is

lífræn næring. - engin málamiðlun í gæðum

Útsöluastaðir: Apótek, heilsuþúðir, Krónan og Fríhöfnin.

DANÍEL BJARNASON: VINNUR MEÐ BEN FROST OG SIGUR RÓS

Semja tónlist við Djúpið

Tónskáldin Ben Frost og Daníel Bjarnason hafa verið ráðin til að semja tónlistina við kvikmynd Baltasars Kormáks, Djúpið. Myndin er innblásin af einstöku afreki Guðlaugs Friðþórssonar sem synti í land eftir að Hellisey VE sökk sex kílómetra undan Vestmannaeyjum árið 1984. Fjórir vinir Guðlaugs fórust í skipsskaðanum en sagan um manninn sem sigraðist á hafinu hefur fylgt þjóðinni síðan. Ólafur Darri Ólafsson mun leika Guðlaug, en myndin verður frumsýnd síðar á þessu ári.

„Ég bjó erlendis þegar þetta gerðist og ætli ég hafi ekki fyrst heyrt söguna af Guðlaugi þegar ég sá einleikinn hans Jóns Atla, hann var mjög áhrifaríkur og magnaður,“ segir Daníel í samtali við Fréttablaðið, en Jón Atli skrifar einmitt handritið að myndinni. Daníel hefur ekki gert mikið af því að semja tónlist fyrir kvikmyndir en Frost hefur öllu meiri reynslu á því sviðinu, samdi meðal annars tónlistina í kvikmyndinni Rokland. Þá sömdu Frost og Daníel tónverk undir áhrifum frá kvikmynd Andrei Tarkovsky, Solaris, sem var flutt á Listahátíð í Reykjavík fyrr á þessu ári. „Mér líst vel á þetta verkefni, það er skemmtilegt að fást við kvikmyndatónlist og þá sérstaklega mynd sem er svona sterk og áhrifamikil.“ Daníel viðurkennir jafnframt að tónlistin verði eðli málsins samkvæmt dramatísk. „Þetta er náttúrlega mögnuð saga sem þarna er verið að segja og merkileg.“

Daníel hefur í mörg horn að líta. Hann verður mikið að stjórna á þessu ári og er að semja fyrir tónleika í Los Angeles. Þá var hann að útsetja næstu plötu Sigur Rósar. Tónskáldið vill þó ekki gefa of mikið upp um hvað kom út úr því



DRAMATÍSK KVIKMYNDATÓNLIST Ben Frost, til vinstri, og Daníel Bjarnason semja tónlistina við kvikmynd Baltasars Kormáks en eðli málsins samkvæmt verður hún í dramatískum dúr.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

samstarfi. „Við höfum þekkt mjög lengi og það var mjög þægilegt að koma inn í þennan hóp. Eg hafði unnið með þeim eitt lag áður, sem var hugsað fyrir bíómynd. Þeir eru alltaf til í allt og reiðubúnir að

prófa eitthvað nýtt.“ Hann staðfestir jafnframt að hljómsveitin sé að leita á ný mið á næstu plötu. „Fólk á alveg eftir að þekkja hljómsveitina en jú, þetta er skref í aðra átt.“ freyrgigja@frettabladid.is

Vekur athygli vestanhafs


„Það er búið að ganga vel og ég er að finna mig í faginu,“ segir Ása Helga Hjörleifsdóttir, meistaranemi í kvikmyndagerð við Columbia-háskólann í New York.

Ása Helga er stödd hér á landi til að taka upp útskriftarverkefnið sitt við skólann, en hún hefur vakið eftirtekt fyrir góða handritasmíð. Reyndar svo mikla að Ása Helga er komin með umboðsmann, en það þykir vel af sér vikið og sérstaklega þar sem hún á ennþá eitt ár eftir í skólanum.

„Símtalið frá umboðsmanninum kom mér mikið á óvart,“ segir Ása Helga, en umboðsmaðurinn komst í kynni við verk hennar í gegnum leikkonuna sem leikur aðalhlutverkið í útskriftarverkefninu hennar, Katherine Waterston.

Waterston er upprennandi stjarna í bransanum og mikill fengur fyrir útskriftarmyndina hennar Ásu Helgu, sem nefnist Ástarsaga. Katherine er dóttir Sam Waterston, sem leikur Jack McCoy í Law & Order. Næstu verkefni Katherine Waterston eru myndirnar Another Bullshit Night in Suck City, sem skartar Robert De Niro og Julianne Moore í aðalhlutverkum, og The Stare, með James Franco og Winonu Ryder.

„Hún er frábær leikkona og stóðst allar væntingar og vel það. Umboðsmaðurinn las handritið mitt hjá henni og hreifst af því. Fyrst þegar ég sá að hann var að reyna að ná í mig var ég viss um að hann væri að fara að kvarta yfir lágu kaupileikkonunnar. Það var því mjög ánægjulegt þegar



EFNILEG KVIKMYNDAGERÐARKONA Ása Helga Hjörleifsdóttir er við meistaranám í kvikmyndagerð við Columbia-háskólann í New York. Hún þykir mikið efni og hefur nælt sér í umboðsmann vestanhafs.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hann kom með þessar gleðifregnir,“ segir Ása Helga ánægð, en hlutverk umboðsmannsins er að koma henni inn í bransann vestanhafs og koma verkum hennar í réttar hendur.

Ása Helga heldur af landi brott í dag til að leggja lokahönd á útskriftarverkefnið sitt og hefja lokaár sitt í skólanum.

-áp

GRIFFILL

**ALLTAF
ÖDÝRARI**

SKÓLABÓKARDAMI
UM SPARNAD!!!

SKIPTU BÓKUM A MARKAÐI

ROSA
MARGIR
TTILAR A EINUM
STAÐ!!!



**SJÁÐU
VERÐIÐ!**

**5
Í PAKKA**

999 KR
GORMABÓK A4 LÍNA

59 KR
ÁHERSLUPENNI GULUR

99 KR
KÖLUTUSSPENNI
RAUÐUR, SVARTUR, BLÁR

**ÖDÝRT
Í SKÓLANN!!!**

97 KR
MERKIFÁNAR PÍLU
NEONLITIR

LUKKUPOTTURINN
ALLIR SEM VERSLA FYRIR
MEIRA EN 10.000 KR.
KOMAST Í LUKKUPOTTINN!!
GLÆSILEGIR VINNINGAR Í
BODI. AÐALVINNINGUR ER
32" SAMSUNG SJÓNVARP



...gerir skólann skemmtilegrí !!

69.999

*lítill og nett í skólann
allt að 10 klst. rafhlöðuvending*

Samsung N145-JP04SE/JP03SE
Skjár: 10,1" LED
Órgjafi: Intel ATOM N270, 1.60GHz
Skjákort: Skjástýring
Harður diskur: 250GB 5400rpm
Vinnsluminni: 1 GB DDR3

ótrúlegt verð !!

89.999

Samsung RV515-S01
Skjár: 15,6" LED HD
Órgjafi: AMD Dual-Core E-350 1.6 GHz
Skjákort: AMD Radeon HD 6470 1Gb
Harður diskur: 500GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 4GB DDR3 1066MHz

VAXTALAUST 12
vaxtalausar raðgreiðslur
tíl allt að 12 mánaða

129.999

Packard Bell TS13-SB-004
Skjár: 15,6" LED HD
Órgjafi: AMD Vision A6-3400M Quad Core
Skjákort: ATI HD650G DX11 512MB
Harður diskur: 640GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 6GB DDR3 1333MHz

Fast start á 4 sekúndum

169.999

Samsung RV711-S03
Skjár: 17,3" LED HD+
Órgjafi: Intel Core i5 480M - 2,66GHz - 3MB
Skjákort: NVIDIA GeForce 315M 1GB
Harður diskur: 500GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 4GB DDR3 1066MHz

179.999

leikjafjarkur !!

179.999

Packard Bell NX69-HR-018
Skjár: 15,6" LED HD
Órgjafi: Intel i5-2410M
Skjákort: Nvidia Geforce GT540M 2GB
Harður diskur: 750GB SATA 5400rpm
Vinnsluminni: 8GB DDR3 1333MHz

Enginn
sendingarkostnaður
á fartölvum út á land.
www.bt.is

BT



Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Europris

**ÓDÝRT
FYRIR ALLA!**

FRÉTTIR AF FÓLKI

Svala snýr aftur

Svala Björgvinsdóttir, sem hefur verið að gera góða hluti með hljómsveit sinni Steed Lord í Los Angeles, hyggst endurnýja kynnin við árlega jólatónleika föður síns, Björgvins Halldórssonar, í Laugar-dalshöllinni. Tónleikarnir hafa notið mikilla vinsælda en Svala hefur verið í frii undanfarin tvö ár vegna anna erlendis. Á meðal annarra nýrra gesta má nefna Pálma Gunnarsson og svo hinn hafnfirska Jón Jónsson. Eins og Fréttablaðið hefur þegar greint frá mun óperu-söngvarinn Paul Potts einnig mæta aftur til leiks.



Guðjón vill í skikkjuna

Umsóknir um stöðu Hæstaréttardómara voru tilkynntar á vef innanríkisráðuneytisins í gær. Fjórar slíkar bárust og vakti athygli að meðal þeirra sem vilja í stólinn var **Guðjón Ólafur Jónsson**, hæstaréttarlögmaður og fyrrverandi alþingismaður Framsóknarflokksins. Glöggir lesendur muna kannski eftir því þegar Guðjón lét þau orð falla, í Silfri Egils fyrir nokkrum árum, að hann væri með „mörg hnífasett í bakinu“ eftir samskipti sín við Björn Inga Hrafnsson, fyrrverandi vopnabróður sinn í pólitík. Það verður sennilega viðkunnlegra starfsumhverfi meðal skikkju-



klæddra dómara í Hæstarétti ef Guðjón hreppir hnossið að þessu sinni.

- fgg, þj

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 11 ára drengur hringdi í lögguna og kvartaði undan...
- 2 Skilja hundinn eftir einan heila helgi
- 3 Kynlíf eykst í takti við aukið jafnrétti kynjanna
- 4 Tína 800 epli af einu eplatré á Akranesi
- 5 Gríðarleg flóð í Noregi

Fólkið í landinu les Fréttablaðið



Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á töluþráð, apr.-jún 2011

KRISA!

ÚTSALA

REKJUNNAR

KING KOIL
Queen Size rúm (153x203 cm)
FULLT VERÐ 163.600 kr.
ÚTSÖLUVERÐ
98.160 kr.
ÞÚ SPARAR 65.440 kr.

**50%
AFSLATTUR**

BALTIC PILLOW
King Size rúm (193x203 cm)
FULLT VERÐ 300.187 kr.
ÚTSÖLUVERÐ
150.094 kr.

BALTIC PILLOW
Full XL rúm (195x203 cm)
FULLT VERÐ 243.423 kr.
ÚTSÖLUVERÐ
121.712 kr.

30-70% AFSLATTUR!

KING KOIL
King Size rúm (193x203 cm)
FULLT VERÐ 264.223 kr.
ÚTSÖLUVERÐ
158.534 kr.
ÞÚ SPARAR 105.689 kr.

BALTIC PILLOW

- 5 svæðaskipt svæfnsvæði
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak
- Tviðert sérvalið stál í gormum
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefniötur

**FYRSTIR KOMA -
ADEINS
ÖRFÁ
STYKKI
FYRSTIR FÁ!**